

Samupplifunin er mikilvæg



Kántrísveifla í gangi í poppinu



OPÍÐ ALLAN SÓLAR-HRINGINN Á GRANDA OG Í MJÓDD nettó

Lífið > 20

Lífið > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

58. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMUDAGUR 24. MARS 2022



Það er til marks um endalok samkomutakmarkana sem fylgdu Covid-faraldrinum að í gær náðu þessir stórglæsilegu nemendur í 7. bekk Vesturbæjarskóla að frumsýna jólaleikritið Jóladagbókin. Leikritinu hefur verið frestað síðustu tvönn jól en nú, skömmu fyrir páska, fengu foreldrar að koma í sal skólans og njóta sýningarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ríkið varði háum fjárhæðum til knattspyrnustarfs

FÓTBOLTI Af þeim ársreikningum sem knattspyrnufélög í tveimur efstu deildum á Íslandi hafa skilað er aðeins ÍA sem greinir frá því hversu mikinn ríkisstyrk félagið fékk en það fékk um 30 milljónir króna í ríkisstyrk.

Öll íþróttafélög gátu sótt um styrk vegna Covid-lokana. Flest félög færa þessa fjármuni undir aðrar tekjur og því er ekki hægt að sjá hversu mikið ríkið setti í vasa knattspyrnudeilda á síðasta ári. Ljóst er að stærri félög á höfuðborgarsvæðinu fengu stærri nið af kökunni en Skagamenn. Mikil aukning er í útgjöldum og virðist vera launaskrið í íslenskum fótbolta en laun og launatengd gjöld hækka mikið á milli ára. **SJÁ SÍÐU 12**

Áherslan á mesta mögulega gagnsæi við sölu bankans

Forsætisráðherra segir áherslu vera lagða á mesta mögulega gagnsæi við sölu Íslandsbanka.

elinhirst@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Þegar viðskiptin verða gerð upp mun Bankasýsla ríkisins birta upplýsingar um þau enda áhersla stjórnvalda að eins mikið gagnsæi og mögulegt er ríki um söluna. Verðmæti eftirstandandi hluta ríkisins jókst verulega eftir frumútboðið í fyrra þannig að það verð sem fékkst nú var í takti við væntingar,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.



Lífeyrissjóðir eru stærstu kaupendur í útboðinu í Íslandsbanka.

„Fyrsti hluti Íslandsbanka – eða 35 prósent – var seldur í fyrra með þátttöku meira en 20.000 nýrra hluthafa. Núna er seldur um það bil fimmtungur með söluaðferð sem er sambærileg því ferli sem víðast hvar er notað í sambærilegum viðskiptum í Evrópu.“

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, kveðst mjög ánægður með söluna og framkvæmd hennar. Hann segist sjálfur ekki hafa séð lista yfir kaupendur enn þá, en næst sé að gera grein fyrir hvernig kaupendahóparnir skiptast. Það séu að langmestu leyti innlendir aðilar sem hafi keypt í Íslandsbankaútboðinu og lífeyrissjóðirnir séu stærstir.

„Mér sýnist að það sé íslenskur almenningur sem er að verða eigendur í bankanum gegnum lífeyrissjóðina. Við erum að koma á heilbrigðara eignarhaldi í bankakerfinu og við erum að fá mjög gott verð,“ segir Bjarni. **SJÁ SÍÐU 4 OG 8**

Krefja eiganda á Bræðraborgarstíg um 300 milljónir

DÓMSMÁL Fyrirverandi íbúar Bræðraborgarstígs 1 og fjölskyldur þeirra þriggja sem létust í brunanum í húsinu sumarið 2020 hafa stefnt eiganda hússins og krefjast bóta upp á rúmar 324 milljónir.

Upphæð bótanna sem er krafist er allt frá fjórum milljónum upp í nær 30 milljónir, samanlagt 324.174.202 krónur auk vaxta.

Í stefnunni er vísað í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, í minnisblaði byggingarverkræðings sem unnið var fyrir lögmann eigandans eru miklar athugasemdir gerðar við ýmis atriði í skýrslunni. Miða hefði átt við reglugerð brunavarna frá byrjun 20. aldar en ekki síðustu aldamótum. **SJÁ SÍÐU 4**

Pssst ...
Einn smellur og maturinn lifnar við!
– með Snjallverslun Krónunnar



Þú finnur Snjallverslun Krónunnar í

App store
Play store
kronan.is

KRÓNAN

Guðrún Helgadóttir látin

ritstjorn@frettabladid.is



ANDLÁT Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, lést í gær 86 ára að aldri.

Guðrún fæddist í Hafnarfirði þann 7. september 1935. Fyrsta skáldsaga hennar, Jón Oddur og Jón Bjarni, kom út árið 1974 en alls komu út eftir hana 25 bækur. Samhliða ritstjórnum tók Guðrún sæti í borgarstjórn fyrir Alþýðubandalagið árin 1978 til 1983. Í framhaldinu settist hún á þing og var alþingismaður árin 1979 til 1995 og varalþingismaður til ársins 1998.

Guðrún var forseti Alþingis árin 1988 til 1991 og varð fyrst kvenna til að gegna því embætti á sameinuðu þingi. Hún flutti margar eftirminnilegar ræður á Alþingi og meðal hennar helstu baráttumála voru réttindi barna og eldri borgara.

Guðrún lætur eftir sig fjögur uppkomin börn og fjölda annarra afkomenda.

Fjöldi fólks minntist hennar á samfélagsmiðlum í gær. ■

Mikil vinna að setja upp Verk og vit



Sýningin Verk og vit hefst í dag í Þrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Sýningin stendur fram á sunnudag. Mikill metnaður er lagður í sýningarsvæðin en unnið var hörðum höndum að því að klára þau í gær. Alls munu um hundrað fyrirtæki og stofnanir kynna vörur sínar og þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Biða eftir því að ísinn bráðni ofan af Þingvallavatni til að ná í flugvélina

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Það er enn nokkur stund í að það verði farið í þessa aðgerð, það er farið að losna um ísinn norðanvert en of snemma að segja hvenær aðstæður leyfa að við hefjumst handa,“ segir Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi.

Enn á eftir að ná flaki flugvélarinnar TF-ABB af botni Ölfusvatnsvíkur í Þingvallavatni. Eins og Oddur nefnir hefur tíðarfar allt um það að segja hvenær hægt verður að ná flakinu upp.

Viðbragðsaðilum tókst að koma líkum þeirra fjögurra sem létust, íslensks flugmanns og þriggja erlendra ferðamanna, af botni vatnsins nokkrum dögum eftir slysið. Þótti það mikið afrek.

„Við erum alveg rólegir, eftir



Það þótti mikið afrek að ná fólkinu upp úr vatninu eftir flugslysið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

að við náðum fólkinu upp,“ segir Oddur.

„Vélin ætti ekki að brotna neitt meira þarna í vatninu þótt líði smá tími,“ bætir Oddur við. ■

Fánalitir Úkraínu orðnir ein vinsælasta álnavaran

Í Vogue í Síðumúla rúllar út blátt og gult í metrávís. Svo mikið fer af metrávörnni að eftir er tekið. Þeir sem setjast við saumavélina hafa gert hettupeysur, húfur og nánast allt sem hugurinn gírnist úr efninu.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta er efni sem fólk er að kaupa og búa sér til fána, hettupeysur, húfur og ýmislegt fleira,“ segir Katrín Rán Bjarnadóttir hjá Vogue í Síðumúla en þar er ein vinsælasta álnavaran í bláum og gulum litum sem viðskiptavinir sauma úr allt milli himins og jarðar í úkraínsku fánalitunum.

Fréttablaðið leit við í Síðumúlanum þar sem margt var um manninn og ýmislegt rauk út en þó var töluvert keypt af bláum og gulum. Einn viðskiptavinurinn ætlaði að gera hettupeysu fyrir frænku sína í framhaldsskóla.

Íslendingar hafa verið duglegir að styðja við Úkraínu síðan innrásin hófst þar í landi. Samstöðutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands með Úkraínu verða í Hörpu í kvöld þar sem allur ágóði af miðasölu rennur óskiptur til neyðarsöfnunar Proskahjálpar fyrir fatlað fólk í Úkraínu.

„Eins og aðrir Íslendingar höfum við tekið fréttir af innrásinni í Úkraínu afar nærri okkur. Við störfum í alþjóðlegu umhverfi og stríðið í Úkraínu snertir marga í hljómsveitinni með beinum eða óbeinum hætti,“ segir Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Allur ágóði af veitingasölu í Hörpu á tónleikakvöldi mun einnig renna til hjálparstarfsins.

Þá er Fella- og Hólakirkja með samstöðu- og söfnunarmessu fyrir Úkraínu á sunnudag klukkan ell-



Katrín Rán Bjarnadóttir og Íris Kristjánsdóttir með vinsælastu álnavörnunni í Vogue.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Gult og blátt var ekkert svona vinsælt áður og við finnum alveg fyrir vinsældunum.

Katrín Rán Bjarnadóttir hjá Vogue

verður fluttur þjóðsöngur Úkraínu.

Mannúðarastand í Úkraínu er mjög alvarlegt, þegar er orðinn mikill skortur á matvælum víða í landinu og vopnuð átök hindra bæði að almennir borgarar geti flúið á örugga staði sem og birgðaflutninga víða. Rauði krossinn gerir sitt besta til að greiða fyrir öruggum flutningi fólks þaðan og koma þangað vistum.

„Hugur okkar er hjá þeim sem þjást vegna átakanna,“ segir Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, en fyrirtækið hefur ákveðið að veita um 35 milljónir króna til mannúðarstarfs Rauða krossins í Úkraínu.

Venjulegt fólk getur ekki stutt mannúðarstarf um marga tugi milljóna en það getur lýst stuðningi sínum með heimasaumunum fötum. „Þetta er tekið mikið og mun meira en áður. Gult og blátt var ekkert svona vinsælt áður og við finnum alveg fyrir vinsældunum,“ segir Katrín í Vogue. ■

efu. Þar koma meðal annars fram Diddú og Lay Low, Alexandra Chernyshova sópran og kór kirkjunnar sem mun bera barmmerki í úkraínsku fánalitunum, ásamt Arnhildi, organista kirkjunnar. Í lokin



Viltu láta sumarhúsið vinna fyrir þig?

- ✓ Við sjáum um öll samskipti við gesti
- ✓ Öflug markaðssetning á erlendum mörkuðum
- ✓ Það kostar ekkert að vera á skrá
- ✓ Yfir 20 ára reynsla

Kynntu þér málið á viator.is/eigendur



Viator Grensásvegur 5, 108 Reykjavík

info@viator.is 544 8990



WWW.BILALAND.IS

NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.



Rnr. 148557

BMW X5 XDrive30d X-Line
Nýskr. 05/20, ekinn 26 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERD:
13.290.000 kr.



Rnr. 149043

MG Marvel R Electric Perform 4WD
Nýskr. 11/21, ekinn 4 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERD:
6.990.000 kr.



Rnr. 148754

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 03/20, ekinn 59 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERD:
5.590.000 kr.



Rnr. 149051

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 01/19, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERD:
4.990.000 kr.



Rnr. 148979

MINI Countryman Cooper SE All4
Nýskr. 10/18, ekinn 34 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

VERD:
3.890.000 kr.



Rnr. 148922

LAND ROVER Discovery 5 HSE LUX TDV6
Nýskr. 05/18, ekinn 106 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERD:
10.990.000 kr.



Rnr. 131155

BMW X3 XDrive30e
Nýskr. 03/20, ekinn 28 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERD:
7.890.000 kr.



Rnr. 393353

SUBARU Outback LUX Harman Kardon
Nýskr. 01/21, ekinn 15 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERD:
7.590.000 kr.

VIÐ ERUM FLUTT Á K7

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði rétt handan við hornið.



OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

www.facebook.com/bilaland.is

Krefjast skýringa á afslætti á hlutum í Íslandsbanka

elinhirst@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Í gær fór fram útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5 prósentum af hlut ríkisins í Íslandsbanka, sem jafngildir 450 milljónum hluta í bankanum. Útboðsgengið var 117 krónur á hlut en gengi hlutabréfanna var komið í 124,6, við lok markaða í dag og hafði hækkað um 3,42 milljarða króna miðað við útboðsgengi. Útboðsgengi bréfa í Íslandsbanka

hækkaði um 5,3 prósent við lokun markaðar í gær.

„Við sjáum að nú var gríðarleg umframfærsla eftir þessum hlutum og þess vegna mikilvægt að við fáum skýringar á því hvers vegna gefinn var svona riflegur afsláttur. Við munum kalla eftir upplýsingum og umræðu um það og eins eigum við eftir að sjá hverjir kaupendurnir eru,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.



Þá er nauðsynlegt, þegar farið er með eignir þjóðarinnar, að ferlið sé gagnsætt og fullt traust ríki um söluna.

„Svo virðist sem fjármálaráðherra sé að drífa sig að koma þessum hlutum út og burtseð frá hvort fólk vilji selja banka eða ekki. Þá er nauðsynlegt, þegar farið er með eignir þjóðarinnar, að ferlið sé gagnsætt og fullt traust ríki um söluna.“

Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir að núverandi fjármálaráðherra eigi ekki að fá leyfi til þess að selja Íslandsbanka þar sem hann hafi sýnt fram á að hann

standi ekki undir þeirri ábyrgð sem því fylgir. Það hafi komið berlega í ljós í síðasta útboði á hlutabréfum í Íslandsbanka þegar það hafi verið markmið að hámarka endurheimtur ríkissjóðs. Það sé auðvitað brandari miðað við hver niðurstaða útboðsins varð og 27 milljarðar af ríkisfé hafi runnið í gjafaumbúðum til kaupenda hlutabréfanna í Íslandsbanka í því útboði, beint úr vasa almennings. ■



Verðið hefur hækkað meira utan höfuðborgarsvæðisins en innan þess í faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ísland sker sig úr í húsnæðisverði

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Húsnæðisverð hækkaði meira á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum í faraldrinum. Eftir að hækkan húsnæðisverðs í Skandinavíu byrjaði að dala um mitt ár 2021 hélt hún áfram að rísa hér á landi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um stöðuna í þjóðfélaginu á Norðurlöndum.

Í skýrslunni segir að hækkanin hafi í heildina verið meiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan þess. Þetta er nokkuð í takt við þróunina annars staðar á Norðurlöndum. ■

Vona það besta eftir sprengingu

bth@frettabladid.is

GRENIVÍK „Maður hefur auðvitað áhyggjur af fólkinu en við vonum það besta, hugur okkur er hjá hinum slösuðu,“ segir Þröstur Friðfinnsson sveitarstjóri í Grenivík eftir sprenginguna í snyrtivörufyrirtækinu Pharmartica í gær.

Tveir starfsmenn voru fluttir á sjúkrahús með brunaáverka eftir sprenginguna. 12-14 manns hafa starfað hjá fyrirtækinu. ■

Gera athugasemdir við skýrslu HMS

Fyrirverandi íbúar og aðstandendur þeirra sem létust hafa stefnt eiganda Bræðraborgarstígs 1. Í minnisblaði byggingarverkfræðings eru gerðar miklar athugasemdir við skýrslu HMS um brunann.

ingunnlara@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

DÓMSMÁL Fyrirverandi íbúar og aðstandendur þeirra sem létust í brunanum á Bræðraborgarstíg 1 sumarið 2020 telja sannað að Kristinn Jón Gíslason, eigandi hússins og HD Verks, hafi valdið þeim tjóni þar sem húsið uppfyllti ekki kröfur um brunavarnir, eldvarnir og eldvarnareftirlit. Visa þau í matsgerð Guðmundar Gunnarssonar byggingarverkfræðings og skýrslur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), máli sínu til stuðnings.

Fram kemur í stefnunni að sex hinna fyrirverandi íbúa hafi orðið fyrir varanlegri örorku. Tveir krefjast þjáningarbóta. Öll hafa þau þurft að leita til ýmist sálfræðings eða geðlæknis vegna andlegrar heilsu sinnar í kjölfar brunans, þar á meðal vegna kvíða, þunglyndis og áfallastreituröskunar.

Guðmundur hefur einnig unnið minnisblað fyrir lögmann eiganda hússins. Þar segir að skýrsla HMS sé lituð af afleiðingum brunans en ekki reglum um brunavarnir.

„Þegar hús, sem byggt er árið 1906 og er að miklu leyti með þeim byggingarmáta sem þá var í gildi er skoðað eftir byggingarreglugerðinni sem var í gildi á árinu 2000, sést að til þess að uppfylla þá reglugerð þarf nánast að endurbyggja húsið,“ segir í minnisblaði Guðmundar. Byggingarfulltrúi hafi ekki gert kröfu um endurbyggingu.

„Í reynd hefur framkvæmdin varðandi breytingar á eldri húsum verið sú að þær breytingar sem verið er að sækja um eiga að uppfylla gild-



Húsið brann þann 25. júní 2020. Þrír létust í brunanum. Karlmaður á sjö-tugsaldri kveikti í húsinu. Hann var dæmdur ósakhæfur í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Það var búið að ákveða að þarna væri verið að brjóta reglur og horfðu fram hjá öðrum atriðum sem bentu til annars.



Skúli Sveinsson, lögmaður eiganda hússins

andi kröfur en aðrir hlutar hússins eru hafðir óbreyttir því kröfur til brunavarna eru ekki afturvirkar.“

Þá eru gerðar miklar athugasemdir við skýrsluna. „Skýrsla HMS um húsið er um margt mjög sérstök og ber með sér ályktanir sem eru huglægjar og litaðar af afleiðingum brunans.“

Í skýrslu HMS segir að þær litlu brunavarnir sem hafi verið á teikningunum árið 2000 hafi ekki verið til staðar, það hafi gert húsið óbyggilegt frá brunatæknilegu sjónarhorni. Í stefnunni kemur fram að eigandinn hafi ekki brugðist við ítrekuðum áskorunum nágranna og leigjenda um að bæta brunavarnir, flóttaleiðir, reykskynjara, slökkvitæki og annað aðbúnað.

Í minnisblaðinu segir að í skýrslu HMS séu dregnir rangar ályktanir af teikningum byggingarfulltrúa. Teikningin sé frá fyrirverandi eiganda fyrstu hæðar hússins sem hafi verið gerð í tengslum við umsókn um fyrirhugaðar breytingar á húsinu um aldamótin og því ætti ekki að miða við reglugerðir um brunavarnir frá aldamótum. Kröfur um brunavarnir séu ekki afturvirkar.

„Sú fullyrðing að húsið verði vegna þessa óbyggilegt frá brunatæknilegu sjónarhorni lýsir einungis sköðun skýrsluhöfundar en tekur ekki heildstætt á ástandi hússins og allra annarra húsa af þessari stærð og byggingarlagi á landinu,“ segir í minnisblaðinu. Ætla megi að svipað ástand sé á húsum frá byrjun 20. aldar, um sé að ræða vanda sem hafi legið fyrir frá því sumarið 1915 eftir brunann í Hótel Reykjavík.

Einnig er gerð athugasemd við að breytingar hafi verið gerðar á húsinu sem voru ekki í samræmi við samþykktar teikningar. Í minnisblaðinu segir að líklega sé um að ræða léttu milliveggi sem séu undanþegnir byggingarleyfi og algengt sé að eigendur setji upp án tilkynningar.

Skúli Sveinsson, lögmaður Kristins Jóns og HD Verks, segir ljóst af minnisblaðinu að ályktun HMS byggi á röngum forsendum. „Það var búið að ákveða að þarna væri verið að brjóta reglur og horft fram hjá öðrum atriðum sem bentu til annars,“ segir hann. ■

Nánar á frettabladid.is

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíl, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíl. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.

Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:

32" 255/75R17 - 199.000 kr.

33,5" 285/60R20 - 199.000 kr.

33" 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:

28" 235/55R18 - 59.900 kr.

30" 265/60R18 - 69.960 kr.



33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00





ORKAN

10KR.

AFSLATTUR

MED ORKULYKLI

SÆKTU UM ORKULYKIL Á ORKAN.IS

Neyðarfundur vegna Úkraínu í dag

bth@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flaug til Brussel í gærkvöld þar sem hún mun hitta aðra leiðtoga aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í dag á neyðarfundum.

Joe Biden Bandaríkjaforseti er í hópi þeirra sem mæta á fundinn, einnig Mette Frederiksen, Justin Trudeau, og Fumio Kishida.

Leiðtogar G7-rikkjana, Evrópusambandsins og NATO munu á

fundinum hittast í fyrsta sinn síðan Rússar réðust inn í Úkraínu. Samkvæmt Reuters hafa íbúar í Brussel orðið varir við störfjölgun lögreglumanna á götum borgarinnar. Búið er að setja upp tálma og loka Arts-Loi-lestarstöðinni. Fundurinn mun lama samgöngukerfi Brussel að einhverju leyti, sérstaklega þegar Joe Biden Bandaríkjaforseti mætir með sínu fylgdarliði.

Volodímír Selenskij, forseti Úkraínu, mun flytja ávarp í gegnum fjarfundarbúnað. ■



Olaf Scholz Þýskalandskanslari er meðal þeirra Evrópuleiðtoga sem boðað hafa stóru aukin hernaðarútgjöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Evrópusambandið vinnur að vísi að evrópskum her

Fimm þúsund manna viðbragðsherlið Evrópusambandsins hefur æfingar á næsta ári. Fjöldi Evrópuríkja hefur boðað stóru aukin útgjöld til varnarmála.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Evrópusambandið vinnur nú að því að koma á fót 5 þúsund manna viðbragðsherliði. Utanríkis- og varnarmálaráðherrar ríkjanna hafa fundað í vikunni og stefnt er að því að fyrstu æfingar geti hafist á næsta ári, bæði á landi og á sjó, og að deildin geti verið til taks árið 2025. Deildin er talin vera fyrsti vísir að samevrópskum her.

Umræðan um her ESB hefur verið í gangi í meira en 30 ár. Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, segir aðallega Bretar hafa komið í veg fyrir þetta, því þeir vildu hafa varnarmálin alfaríð innan NATO. Nú eru Bretar hins vegar komnir út úr sambandinu sem liðkar fyrir umræðunni innan sambandsins.

Þeir sem vilja sjá ESB þróast í átt til sambandsríkis hafi viljað sameiginlegt herlið. Þjóðverjar og Frakkar hafa stutt tillögur um samevrópskt varnarlið áður, til dæmis árin 1991 og 2003. ESB samþykkti 1.500 manna færanlegt varnarlið árið 2007 en það var aldrei kallað saman. Guðmundur segir hins vegar að þjóðverjar hafi ekki haft mikinn áhuga á vígvæðingu vegna sinnar sögu.

„Evrópa ætti fjárhagslega mjög auðvelt með að verða sterkt hernaðarveldi,“ segir Guðmundur. 21



Evrópa ætti fjárhagslega mjög auðvelt með að verða sterkt hernaðarveldi.



Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði

af 27 ESB-ríkjum er hins vegar í NATO, sem er á forræði Bandaríkjanna. „Allt frá dögum Carters hafa Bandaríkjaforsetar verið að reyna að fá Evrópuþjóðirnar til að greiða meira fyrir sín varnarmál en þær streist á móti.“

Umræðan um aukna hervæðingu Evrópu hefur farið vaxandi á undanföllum árum. Guðmundur segir innrás Rússa í Úkraínu hins vegar hafa virkað eins og vekjaraklukk, fyrst meira að segja þjóðverjar séu farnir að tala um stóru aukna vígvæðingu.

Viðmið NATO er að þjóðir verji 2 prósentum ríkisútgjalda í varnarmál en aðeins þriðjungur ríkjanna nær því, Bandaríkin, Bretland, Frakkland og nokkrar þjóðir Aust-

ur-Evrópu. Síðan stríðið í Úkraínu hófst hafa þjóðverjar, Belgar, Ítalir, Norðmenn, Rúmenar og Pólværjar tilkynnt að þær ætli að auka hernaðarútgjöld upp í 2 prósent. Einnig Svíar sem eru í ESB en ekki NATO.

„Þegar þjóðverjar auka útgjöldin upp í 2 prósent eru það ansi miklar fjárhæðir. Þetta er því veruleg breyting,“ segir Guðmundur. Spurningin til langs tíma sé hvort varnir Evrópu verði áfram á forræði Bandaríkjanna eða hvort ESB myndi mótvægi.

Josp Borell, utanríkisráðherra ESB, fullyrta á mánudag að viðbragðsherliðið sem boðað hefur verið sé ekki „ESB-herinn“. Hvert ríki myndi áfram hafa sinn her en samvinna yrði meiri héðan í frá. Guðmundur segir að það eigi eftir að koma í ljós hversu varanlegt þetta verður og hversu mikil samstaða um þetta sé.

Hann segir Vesturlönd almennt frekar óttast hernaðaruppbyggingu Kínverja en Rússa. Rússar séu hins vegar mikið kjarnorkuveldi.

„Það er ekkert sem bendir til þess núna að kjarnorkuvopnum fækki því verið er að leggja alla afvopnunarvopna niður,“ segir Guðmundur um horfur í þeim málum. Þegar hefur verið ræddur sá möguleiki að Rússar beiti slíkum vopnum í Úkraínu.

Frakkar eru eina kjarnorkuveldið í ESB en ekki hefur verið umræða um frekari uppbyggingu kjarnorkuvopna innan sambandsins. Guðmundur telur að Bandaríkin verði áfram kjarnorkuvörn álfunnar í gegnum NATO. ■

Blóðugur mánuður að baki

urduryrr@frettabladid.is
bth@frettabladid.is


ÚKRAÍNA Sléttur mánuður er liðinn í dag síðan Rússar réðust inn í Úkraínu.

Þúsundir hafa látist þótt tölur séu mjög á reiki, hundruð þúsunda búa við mjög bág skilyrði og milljónir flóttamanna eru á faraldsfæti.

Bandarísk yfirvöld áhafa áætlað dauðsföll úkraínskra hermanna milli tvö og fjögur þúsund. Samkvæmt upplýsingum frá Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hafa 953 almennir borgarar látist frá upphafi stríðsins, þar af 78 börn.

Forstjóri Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Filippo Grandi, telur að meira en tíu milljónir Úkraínubúa hafi lagt á flotta vegna stríðsins. Það jafngildir því að fjórðungur allra íbúa Úkraínu hafi þurft að yfirgefa heimili sín.

Langmesti straumur flóttafólks



Athugið að fjöldi flóttafólks hefur haldið áfram til annarra Evrópuríkja. Samanlagður fjöldi er hærri en heildarfjöldi þar sem hann inniheldur einnig þá sem fara yfir landamæri Moldóvu og Rúmeníu. Heimild: UNHCR © GRAPHIC NEWS

liggur yfir landamærin til Póllands eða rúmar tvær milljónir. Næstmestur straumur liggur til Rúmeníu þar sem rúmlega hálf milljón hefur farið yfir landamærin.

Sjálfbodaliðar í nágrennalöndum Úkraínu hafa unnið hörðum höndum við að taka á móti flóttafólki. Rauði krossinn áætlað að um átján

Alls hafa tíu milljónir yfirgefið heimili sín vegna innrásarinnar. Þar af hafa 3,6 milljónir flúið land.

milljónir Úkraínubúa þurfi mannúðarastöð sem stendur.

Í byrjun þessarar viku höfðu 319 með úkraínskt ríkisfang sótt um vernd á Íslandi, þar af 174 konur, 92 börn og 53 karlar. ■

Nánar á frettabladid.is



/Augljós



Fríar forskoðanir fyrir laseraðgerðir út apríl

Tímamantanir 414 7000



Markáætlun í tungu og tækni

Umsóknarfrestur er 28. apríl 2022

Markáætlun í tungu og tækni er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Áherslur áætlunarinnar eru ákvarðaðar af Vísinda- og tækniráði. Rannís er umsýsluáðili sjóðsins.

Markáætlun í tungu og tækni styður við verkefni í máltækni sem hafa það að markmiði að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi. Hlutverk hennar er að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi til hagsbótar almenningi, stofnunum og fyrirtækjum.

Áhersla er á hagnýtingu, þ.e. að koma máltækni búaði í almenna notkun í íslensku málsamfélagi. Lausnin þarf að standa notendum til boða innan tveggja ára.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Markáætlun í tungu og tækni fyrir styrkárin 2022-2024. Umsóknarfrestur er til kl. 15:00 þann 28. apríl 2022.

Umsækjendur eru bednir um að kynna sér vel reglur Markáætlunar í tungu og tækni áður en hafist er handa við gerð umsóknar. Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís.

Nánari upplýsingar á síðu sjóðsins
www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/
markaaetlun-i-tungu-og-taekni/



rannis
www.rannis.is

AVAILABLE AT DIOR.COM

¹ CLEAN, STRICT IN THE SELECTION OF INGREDIENTS. FOR MORE INFORMATION VISIT DIOR.COM.
² 24H WEAR. INSTRUMENTAL TEST ON 20 SUBJECTS.

Dior fest í Smáralind og Akureyri. Dior ilmír fást í Kringlunni.

50 YEARS OF SKIN EXPERTISE
FOREVER
NEW GENERATION CLEAN
FOUNDATION!



24H HIGH PERFECTION
FLORAL SKINCARE FOUNDATION
THAT VISIBLY IMPROVES SKIN.²

42 SHADES IN 2 FINISHES:
NO-TRANSFER MATTE.
HYDRATING GLOW.

DIOR

20% afsláttur
af öllum Dior vörum
24. - 30. mars

HAGKAUP

Segir það óeðlilegt að ríkið stýri lyfjaverði



Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena
@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri Lyfju segir að það regluverk sem apótekin búi við sé of þungt í vöfum. Hún segir að endurskoða þurfi ýmis ákvæði í lyfjalögum sem og virðisaukaskatt á lyf en hann er 24 prósent.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju, segir að það sé að hennar mati ekki eðlilegt að verðlagning lyfja sé ákvörðuð af hálfu hins opinbera. Þetta sagði hún í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gær. „Ég myndi alltaf kjósa að það yrði frjáls álagning. Staðreyndin er hins vegar sú að lyf eru engin venjuleg vara. Þau eru í sumum tilvikum lífsnauðsynleg," segir Sigríður og bætir við að efhorft sé til Norðurlandanna þá sé ekki að finna dæmi um algjört frelsi í þessum efnunum.

„Kerfið er líka með þeim hætti að ríkið tekur þátt í að niðurgreiða lyfjakostnað einstaklinga. Þetta virkar þannig að Lyfjastofnun ákvarðar heildsöluverðið og smá-söluverðið. Síðan er líka óheimilt að veita afslætti. Þetta fyrirkomulag setur okkur mjög þröngar skorður þegar kemur að þessum tiltekna vöruflokki.“

Aðspurð hvort það regluverk sem apótekin búi við sé of þungt í vöfum segir Sigríður að hún telji svo vera. „Við á Íslandi erum til dæmis með einstakt ákvæði í lyfjalögum sem þekktist ekki á hinum Norðurlöndunum og það er mönnunarákvæðið. Í því felst að í stað þess að treysta þeim sérfræðingum sem vinna á þessu sviði til að ákveða mönnun þá eru yfirvöld að skipta sér af mönnun apóteka. Þetta þykir mér mjög sérstakt og þetta er í raun eina heilbrigðisstéttin sem þetta á við



Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju, var gestur í sjónvarpsþættinum Markaðinum. Hún ræddi meðal annars um rekstrarumhverfið og stafræna þróun. MYND/HRINGBRAUT

um. Þetta á til dæmis hvorki við um lækna né hjúkrunarfræðinga. Þessu þyrfti að breyta.“

Sigríður segir jafnframt að einnig mætti breyta skattlagningunni á lyf. „Ég tel að það væri til hagsbóta að taka þennan mikilvæga vöruflokk sem lyf eru og endurskoða virðisaukaskattinn. Mér finnst ótrúlegt að við séum með 24 prósent virðisaukaskatt á vöru sem er í mörgum tilfellum lífsnauðsynleg.“

Sigríður segir auk þess að fyrirtækið sé í mikilli samkeppni við hið opinbera um háskólamenntað fólk. „Við erum í þeirri stöðu að vera hluti af heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Hjá okkur starfa um 370 starfsmenn á landinu öllu og af þeim er um þriðjungur starfsmanna sérhæfðir heilbrigðisstarfsmenn. Það sem er mjög

sérstakt hér á landi er að hið opinbera leiðir launapróun. Það sem mér finnst skipta máli í þessu er að við horfum á heilbrigðisþjónustuna í heild sinni og mörkum okkur stefnu til framtíðar. Það gerum við meðal annars með því að auka vægi samstarfs milli einkageirans og hins opinbera.“

Lyfja var stofnuð árið 1996 og var fyrsta einkarekna apótekakeðjan á landinu. Nú eru verslanir Lyfju 46 talsins. Sigríður segir að ýmislegt hafi breyst frá því að fyrsta Lyfjuverslunin var opnuð hér á landi.

„Það er um það bil aldarfjórðungur frá því að samkeppni var heimilud í þessum rekstri. Það er að segja, við förum frá því að vera með svæðaskipulag þar sem þú þyrftir leyfi til að reka apótek á

”

Ég myndi alltaf kjósa að það yrði frjáls álagning. Staðreyndin er hins vegar sú að lyf eru engin venjuleg vara.

ákveðnu svæði, yfir í að það sé frjáls samkeppni. Það sem hefur gerst á þessum 25 árum er alveg magnað en við höfum séð að kostnaður af lyfjum neytenda hefur lækkað um helming að raunvirði. Það eitt og sér er alveg ótrúlegur árangur og enn fremur að lyfjakostnaður sem hlutfall af heilbrigðisútgjöldum – það kostnaðarhlutfall hefur lækkað um einn þriðja," segir Sigríður og bætir við að á sama tíma hafi þjónusta við neytendur aukist til muna. „Nánast allir Íslendingar sem búa í þéttbýli búa í 5 mínútna fjarlægð frá næsta apóteki. Á Íslandi erum við með fleiri starfandi lyfjafræðinga heldur en almennt gerist innan OECD og mælingar sýna að þjónustan hefur verið að batna. Þannig að þjónustan hefur aukist en kostnaður lækkað.“ ■

Kom á óvart að útboð Íslandsbanka væri ekki stækkað

helgivifill@frettabladid.is

Það kom á óvart að útboð ríkisins á hlut í Íslandsbanka var ekki stækkað meira í ljósi mikils áhuga. Þetta segir Óðinn Árnason, sjóðsstjóri hjá Stefni.

Ríkið seldi eftir lokun markaðar á þriðjudag 22,5 prósent hlut í Íslandsbanka fyrir 52,7 milljarða króna. Nú á ríkið 42,5 prósent hlut í bankanum. Fram kom í tilkynningu að veruleg umframefitirspurn hafi verið í útboðinu og bæði innlendir og erlendir hæfir fjárfestar sýndu útboðinu „mikinn áhuga“.

Almenningi stóð ekki til boða að taka þátt í útboðinu en það getur verið erfiðleikum bundið að efna til opins útboðs í hveli eftir lokun markaðar til að hafa sem minnst áhrif á gengi hlutabréfaverðs fyrirtækisins sem verið er að selja.

Gengið í viðskiptum var 117 krónur á hlut sem var fjórum prósentum lægra en við lok markaðar á þriðjudag. Gengið hækkaði um 2,1 prósent í gær og var 124 við lok dags.

Nokkrir innlendir fagfjárfestar hafa sagt við Markaðinn að þeir hafi boðið herra verð í bréfin en sem nemur útboðsgenginu en hafi engu



Gengið viðskipta í bankanum hækkaði um 2,1 prósent í gær.

að síður fengið mun minna úthlutað af bréfum en óskað var eftir.

Þeim þykir því söluferlið ógagnsætt. „Það er skritið að ríkið hafi ekki hámarkað verðið því ljóst er að það gat selt á herra verði miðað við þau tilboð sem komu inn," segir einn fagfjárfestir sem vildi ekki láta nafn síns getið. Mögulega var verið að laða að erlenda fjárfesta.

Óðinn segir að það sé „mjög gott“ fyrir markaðinn að útboðið sé afstaðið. Það hafi „truflað markaðinn“ því margir fjárfestar hafi eflaust verið skapa sér rými til að geta tekið þátt í stóru útboði.

Hann segir að í ljósi umframefitirspurnar í útboði Íslandsbanka kæmi það sér ekki á óvart að hópur fjárfesta sitji uppi með rýmri lausafjárstöðu en þeir kjósi. Það fjármagn gæti því leitað aftur á markaðinn. Að auki séu nú skráðu félögin að greiða hluthöfum mikinn arð en arðgreiðslur leiti oft að miklu leyti inn á hlutabréfamarkaðinn.

„Arðgreiðslurnar í lok mars munu nema um 50 milljörðum króna," segir Óðinn og bendir á að það sé svipað að umfangi og nýafstaðið útboð Íslandsbanka. Talsvert fé gæti því leitað á markað á næstunni. ■



30%

afsláttur

af völdum vöflujárnum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Í tilefni af *alþjóðlega vöfludeginum* 25. mars bjóðum við upp á ljúffengar vöflur í öllum verslunum á föstudag milli 13 og 15!

AFMÆLISTILBOÐ

HARÐPARKET

20-50%
AFSLÁTTUR

Verð frá **1.498 kr/m²**
8mm harðparket

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í **20ár**
2002 - 2022

Ölmusan



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það var bæði djarft og þarft af Sigurði Inga Jóhannssyni, formanni Framsóknarflokksins, að brýna raustina gagnvart leigjendum fiskveiðiaðlindarinnar á nýafstöðnu flokksþingi. Þar setti hann fram skýra og klára kröfu um hækkun veiðigjalds í tilviki stórefnaðra útgerða hringinn í kringum landið.

Það er ekki á hverjum degi sem formaður Framsóknarflokksins ber svo áberandi í borðið, einmitt leiðtogi flokks sem ásamt öðrum gömlum fjórflokkum ber mesta ábyrgð á að kvótakerfið, sem blessunarlega tók við af sóknarkerfinu, breyttist þó smám saman í eiginlega eignaupptöku – og í öllu falli mestu eignatilfærslu í samanlagðri lýðveldissögu þjóðarinnar.

Ástæðan fyrir þessum orðum formannsins er öllum augljós. Þeir útgerðarkóngar landsins sem hagnast hafa mest og lengst á því að gjalda fyrir aðganginn að fiskimiðum við landið svo langt undir markaðsvirði og raun ber vitni, eru beinlínis að þiggja ríkisaðstoð, sem allt eins má kalla ölmusu, en í besta falli niðurgreiðslu.

Alþýða manna á Íslandi hefur horft upp á þessi ósköp svo áratugum skiptir, ýmist gáttuð eða hneyksluð, en er í mörgum tilvikum orðin svo háð valdi útgerðarauðvaldsins að það fer best á því að þegja. Þessa sér stað í öflugustu sjávarþorpunum um allt land þar sem stór-útgerðin er orðin að eins konar hliðarsjálfri bæjarjós sem deilir út fjármagni til íþróttar, frístunda- og menningarstarfs í svo ríkum mæli að það skiptir deildum í orðspori og árangri.

„ Og svona er þá komið fyrir þjóðinni, þeirri sömu og sameinaðist gegn ránshendi breskra útgerða á Íslandsmiðum upp úr miðri síðustu öld, en nú er höndin bara önnur – og eigin vasi tútnar út af trilljónum.

Það eru stórpólitísk tíðindi að formaður Framsóknarflokksins taki hér af skarið og tali fyrir því að ríkulegum og óskiljanlegum skattaafslætti ríkasta hluta þjóðarinnar linni. Og þeir tímar komi að mestu auðkýfingar landsins rísi undir nafni kapitalismans og borgi markaðsverð fyrir þau forréttindi að hafa svo til tímalausan og óskoraðan aðgang að verðmætustu auðlind þjóðarinnar.

Og kannski er nokkur von til þess að formaður Framsóknarflokksins geti hrist upp í umræðunni við ríkisstjórnarborðið og fái aðra stjórnmalaleiðtoga við þá fjölinu til að hugsa sjónn gang í þessum efnun, en mun þar vera annars vegar um sósíalista að ræða og hins vegar kapitalista sem eru að verða vanir því að tala sama máli.

En formaður Framsóknarflokksins er maður að meiri sakir orða sinna um helgina. ■

Það eru stórpólitísk tíðindi að formaður Framsóknarflokksins taki hér af skarið og tali fyrir því að ríkulegum og óskiljanlegum skattaafslætti ríkasta hluta þjóðarinnar linni.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Fagdrykkjumenn

Núna þegar ÁTVR hefur verið gert afturreka í dómsmálum gegn bjóskutlurum og frönskum vinsólum auk þess sem löggum og ömnu þeirra er sama um starfseminna þá hefur að þeirra eigin mati fótunum verið kiptt undan starfseminni. Hefur því Vinsýslu ríkisins verið gert að selja allt innihald lagarsins í kvöld. Hefur verið gagnrýnt að fagdrykkjumenn fá 10 prósent lægra verð á litrann en almennir bjórsötrarar og hvítvinsbeljlið. Margir hafa sett spurningarmerki við tímasetninguna en augljóst er að aðgerðin miðast við að halda fólkinu nógu mikið í glasi þannig að þeir geti beðið lengur eftir afglæpavæðingu á einhverju sterkara.

Skafnar

Lóan lét loksins sjá sig eftir sitt langa Tene-ferðalag í vetur. Miðað við algengi fjarvinnu þá stefnir í að allir Íslendingar fylgi henni á næsta ári og komi sér upp suðrænni vetrarnýlendu með leikskóla og almennilega upphitadri sundlaug. Slíkt er ekki á dagskrá strax. Nú þarf að flokka alla gráu snjóskafana sem virðast vera komnir til að vera. Örnefnanefnd er komin í málið og þarf að finna 700+ nöfn fyrir lok mánaðarins. Mun það hjálpa til við samræður í lok júní um að loksins sé Lönguhliðarhrúga byrjuð að minnka og það þurfi bara tvær rigningarkvikur fyrir norðan til að Helgamagrajökull hreinlega hverfi. ■

Þegar kraftaverkin gerast



Auður Guðjónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og
stjórnarformaður
Mænskudastofnunar
Íslands

Árið 1999 sendi ég mitt fyrsta bréf af ótalmörgum til málsmetandi fólks víða í veröldinni til að vekja athygli á þörfinni á að hrint verði af stokkunum alþjóðlegu átaki til leitar lækningu við lómun/mænuskaða. Þetta fyrsta bréf var til Gro Harlem Brundtland þáverandi yfirmanns Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO. Jafn grátlegt og það er hefur á þessum 23 árum sem síðan eru liðin mikið vatn runnið til sjávar og með því ótalmörg tækifæri í átt að lækningu fyrir þá lömuðu og hina sem eiga eftir að lamast. Ástæðan er meira og minna skeytingarleysi. Það sem þarf að gera er að taka málið föstum tókum og greina og samkeyra með aðstoð gervigreindar þá þekkingu sem nú er til staðar í miðtaugakerfinu. Þegar það verður loksins gert munu kraftaverkin gerast og ekki aðeins fyrir þá lömuðu heldur alla sem búa við meinsemdir í taugakerfinu.

Eftir langa og stranga vegferð er nú loksins að hilla undir að WHO taki forustu og ýti úr vör áratugi aðgerða í þágu umönnunar, meðferðar og lækninga í taugakerfinu. Í framhaldinu mun WHO leita eftir því við þjóðir heims að þær innleiði átakið. Með þessu er WHO að opna vettvang fyrir þjóðir til að vinna skipulega saman að framförum á öllum sviðum taugakerfisins næstu tíu árin og fer árangurinn eftir því hve mikinn metnað stjórnvöld þjóða leggja í verkefnið. Á þessu tímabili á ég von á að ríkisstjórn Íslands muni leggja sérstakan metnað í þáttinn um lækningu á lómun/mænuskaða sem utanríkisþjónustan og Mænskudastofnun Íslands hafa lagt ríka áherslu á í allri vinnu sinni innan WHO í þessu sambandi.

Nú stendur fyrir dyrum að gervigreindarvæða Ísland. Í samtöllum sem ég hef átt við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Aslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur visindamálaráðherra og Þórdísi Kolbrúnu Gylfadóttur utanríkisráðherra um að lómun/mænuskaði verði eitt af gervigreindarverkefnum Íslands hefur því verið vel tekið hingað til og vonandi verður framhald þar á þegar áratugarátaki WHO í þágu taugakerfisins verður ýtt úr vör. Mænskudastofnun Íslands þakkar utanríkisþjónustunni fyrir frábæra vinnu og öðrum þeim Íslendingum sem stutt hafa verkefni þetta í stóru og smáu. ■

„
Nú stendur fyrir dyrum að gervigreindarvæða Ísland.

Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þjónustuna sem er í boði.



www.xprent.is

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

Mikil fórn fyrir sérhagsmuni

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Eftir kosningar hefur ríkisstjórnin aðeins tekið eina stefnumarkandi ákvörðun í efnahagsmálum. Hún er sú að fresta því að taka á skuldavanda ríkissjóðs þar til á næsta kjörtímabili.

Í utanríkis- og varnarmálum hefur engin ný stefnumarkandi ákvörðun verið tekin.

Aðvörunarskot seðlabankastjóra

Í byrjun þessa mánaðar kom Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri á fund efnahagsnefndar Alþingis. Boðskapur hans var pólitískt aðvörunarskot:

Það verður að eyða hallanum. Val ríkisstjórnarflokkanna er niðurskurður eða hækkun skatta.

Nú eru liðnar þrjár vikur frá því að seðlabankastjóri lét þessi orð falla.

Ríkisstjórnin situr enn þögl og aðgerðalaus.

Flóttaleiðin

Eina framlag ríkisstjórnarinnar til

umræðna um stöðu þjóðarþúskaþarins er tilkynning forsætisráðherra um að hún hafi boðað þjóðhagsráð til reglulegra funda. Þar sitja aðilar vinnumarkaðarins og Seðlabankinn með ríkisstjórninni.

Ríkisstjórnin getur ekki komið sér saman um annað en að fresta vandanum. Flóttaleiðin er að biða eftir tillögum aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kjarsamninga og hugsanlega framkvæma þær.

Afleiðingin er sú að hagsmunasamtökin ráða í lokuðum bakherbergjum en ríkisstjórnin ber ábyrgð gagnvart Alþingi og þjóðinni.

Ádeila sem stjórnarandstaðan trompar ekki

Athyglisvert er að stjórnarandstaðan tekur ekki mest upp í sig í gagnrýni á þá stóru ákvörðun að skjóta skuldavandanum yfir á næsta kjörtímabil. Stærstu orðin koma frá Seðlabankanum og aðilum í innsta kjarnanum í baklandi Sjálfstæðisflokksins.

Seðlabankastjóri fórnaði heiðri sínum á síðustu dögum kosningabaráttunnar til að hjálpa ríkisstjórninni með fordæmalausum pólitískum afskiptum. Eigi að síður mætir hann á fund efnahagsnefndar Alþingis fimm mánuðum síðar með þungu aðvörunarorð vegna stóru ákvörðunarinnar um frestun á skuldavandanum. Fyrirum forstöðumaður efnahagsviðs Samtaka atvinnulífsins



för þeim háðungarorðum um stóru ákvörðunina að hún fæli í sér að flytja vandann yfir á næstu ríkisstjórn. Og fyrrverandi aðstoðarmaður fjármálaráðherra sagði í umsögn Viðskiptaráðs um stóru ákvörðunina að með henni væri ríkisstjórnin að kynda undir verðbólgu.

Stjórnarandstaðan getur varla trompað þessa gagnrýni þótt hluti hennar taki hraustlega undir hana.

Kjölfestuimyndin í efnahagsmálum farin

Þessi innanbúðargagnrýni skilur þingflokk Sjálfstæðismanna eftir á berangri. Hann hefur fórnað kjarnanum í efnahagsstefnu sinni og þar með þeirri gömlu ímynd að vera kjölfestan í efnahagsmálum.

Augljóst er að ákvörðun af þessu tagi er ekki tekin út í loftið. Það

er ekki þannig að enginn hafi áttað sig á stöðunni. Hún er ekki afleiðing gáleysis.

Veruleikinn er sá að engin ríkisstjórn með VG í forystu getur gert neitt annað en að flytja skuldavandann yfir á næstu ríkisstjórn.

Frumkvæðið í varnar- og öryggismálum horfið

Flestar þjóðir Evrópu eru nú að endurmeta utanríkispolítiska stöðu sína. Það kemur fram í auknu umfangi varnarmála, þéttara samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og öflugri pólitískri og efnahagslegri samvinnu innan Evrópusambandsins.

Á Alþingi hafa þingmenn Viðreisnar flutt tillögu um sams konar þriðjætt mat á utanríkispolítískri stöðu Íslands í breyttum heimi. Þá hafa þingmenn Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata flutt tillögu

um að þjóðin fái að ákveða hvort viðræður um fulla aðild að Evrópusambandinu verði hafnar á ný.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins segja aftur á móti að engin þörf sé á endurmati og fráleitt sé að stíga skref fram á við í fjölþjóðasamskiptum. Þeir vilja ekki ganga skrefi lengra en VG treystir sér til.

Fyrir vikið er Sjálfstæðisflokkurinn ekki lengur frumkvæðisafli í utanríkis- og varnarmálum.

Pólitískri stöðu fórnað fyrir sérhagsmuni

Hvað veldur því að þingflokkur Sjálfstæðismanna tekur yfirvegaða ákvörðun um að fórna gömlu ímynd sinni?

Svarið er einfalt:

Þingflokkurinn veit að hann getur ekki farið í ríkisstjórn með neinum öðrum flokki en VG til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem hafa einkarétt á að nýta sjávarauðlindina, greiði eðlilegt gjald fyrir tímabundin afnot.

Varðstaðan um þessa sérhagsmuni er talin miklu mikilvægari en það gamla hlutverk að vera kjölfestan í ríkisfjármálum og efnahagsmálum.

Af sömu ástæðu vilja þingmenn Sjálfstæðismanna að sá flokkur hafi forystu fyrir ríkisstjórn, sem ekki trúir á málstað landsins í utanríkis- og varnarmálum.

Sérhagsmunagæslan ein og sér er dapurleg. En þessi viðtæku áhrif hennar eru hættuleg. ■

Stýring umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu



Jón Norland, forstjóri Smith & Norland hf.

Undanfarin misseri hefur öðru hverju blossað upp umræða um umferðarljósastýrikerfið á höfuðborgarsvæðinu. Því miður hefur sú umræða og fjölmiðlaumfjöllun tengd henni litast mjög af pólitík og átökum á þeim vettvangi en að litlu leyti af þekkingu og yfirsýn um þann flókna tæknibúnað sem um er að ræða. Nú síðast birtist okkur hin pólitíska hlið málsins í bókunum á borgarstjórnarfundum þann 15. mars þar sem því var meðal annars haldið fram að notaður væri eldgamall þýskur og úreltur búnaður við umferðarstýringuna og jafnframt að ekkert hefði áunnist við snjallvæðingu umferðarljósastýringa á höfuðborgarsvæðinu! Hvað svo sem hugtakið snjallvæðing felur hér í sér.

Málið er mér mjög skylt og því fyrirtæki sem ég veiti forstöðu, Smith & Norland hf. Fyrirtækið hefur í marga áratugi selt margvíslegan rafbúnað á íslenskum markaði í umboði hins þekktu þýska stórfyrirtækis Siemens sem einmitt er framleiðandi umferðarljósakerfisins í borginni. Siemens er í fararbroddi á sviði umferðarljósastýringa og þeirrar tækni sem þar kemur við sögu. Fyrirtækið situr þó ekki eitt að þessum markaði heldur eru þar fjölmörg önnur fyrirtæki sem eiga í harðri innbyrðis samkeppni víða um heim, svo sem Swarco í Þýskalandi, Stühnenberg, Dynniq, Vialis o.fl. Sú samkeppni, heidarleg samkeppni, er af hinu góða og stuðlar að tæknipróun og veitir aðhald í verðlagningu á búnaði. Tekið skal fram að umferðarljósasviði Siemens hefur nú verið breytt í sjálfstætt fyrirtæki er nefnist Yunex Traffic.

Vegagerðin og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ákváðu fyrir tveimur árum að fela óháðum aðila, sænska ráðgjafarfyrirtækinu SWECO, að gera úttekt á umferðarljósabúnaðinum á höfuðborgarsvæðinu, í samanburði við nokkrar aðrar borgir í nágrennslöndum okkar. Skýrsla SWECO var tilbúin haustið 2020 og efni hennar kynnt. Skýrslan er yfirgripsmikil og viðfangsefnið nálgast frá mörgum hliðum. Í skýrslunni má meðal annars finna umsagnir um umferðarljósabúnaðinn hér í borg, eins og:

„Kerfi, sem nú eru í notkun í Reykjavík, eru sambærileg eða í sumum tilvikum betri en þau sem notuð eru í hinum borgunum. Leggja ætti áherslu á að ná meiri afköstum út úr núverandi kerfum.“ og „Samanborið við meirihluta viðmiðunarborga er Reykjavík með kerfi og vélbúnað sem að mörgu leyti er tæknilega í fremstu röð.“

og „Allar viðmiðunarborgirnar, rétt eins og Reykjavík, láta farartæki stjórna umferðarljósum að meira eða minna leyti. Enn og aftur er Reykjavík, í samanburði, í fremstu röð í þessum efnum með því að nýta kerfi eins og TASS og háþróaða alumferðarstýringu eins og MOTION.“

Ljóst má vera að sænsku sérfræðingarnir taka ekki undir sjónarmið borgarfulltrúanna á fundinum þann 15. mars um gæði umferðarljósastýribúnaðarins. Öðru nær.

Málefnaleg umræða, er byggist á þekkingu og yfirsýn, er alltaf góð. Sömuleiðis þegar um er að ræða umferðarljósabúnað höfuðborgarsvæðisins. Ég vil því hvetja alla þá, sem áhuga hafa, einnig borgarstjórnarfulltrúa, til að kynna sér efni og niðurstöður SWECO-skýrslunnar. Vonandi verður umræðan þá mál-efnalegri og til hagsbóta fyrir vegfarendur á höfuðborgarsvæðinu. ■

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2022

Heildarfjárhæð til úthlutunar er allt að 900 m.kr.

Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Styrkir geta numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Verkefnastyrkir

- 1. Bætt orkunýting:** Búnaður sem minnkar raforkunotkun til beinnar hitunar í rafkyntum varmaveitum og/eða minnkar olíunotkun.
- 2. Minnkun olíunotkunar í iðnaði:** Búnaður sem nýtir vistvæna orku í stað olíu.
- 3. Raf- og lífeldsneyti og metan:** Bættir innviðir (t.d. dreifing, varaafli) og/eða framleiðsla raf- eða lífeldsneytis úr orku sem tryggð hefur verið til þess verkefnis. Nýting líf- og rafeldsneytis og metans skal einnig vera tryggð (t.d. í tæki), hvort heldur sem orkugjafi eða til frekari framleiðslu.
- 4. Hleðslustöðvar fyrir samgöngur:** Uppsetning hleðslu- eða áfyllingarstöðva til þéttingar nets hleðslustöðva við vegakerfið sem og gististaði, frístundasvæði (t.d. íþróttahús, sundlaugar), verslanir og fjölsóttar ferðamannastaði. Ef um hraðhleðslustöðvar er að ræða (150 kW og stærri) getur kostnaður við sérlausnir verið innifalinn (t.d. rafhlöður, sólarcellur, vindrellur).
- 5. Orkuskipti í haftengdri starfsemi:** Aðgerðir sem nýta vistvæna orku í haftengdri starfsemi og siglingu til og frá höfn.

orkusjodur.is

Umsóknafrestur er til 7. maí 2022

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: gattin.os.is

ORKUSJÓÐUR

ORKUSTOFNUN



Valur	2021	2020
Rekstrartekjur	375	221
Rekstrargjöld	344	247
Launagjöld	253	197
Hagnaður/tap ársins	52	-24
Skuldir samtals	2,7	4
Eigið fé	151	101



ÍA	2021	2020
Rekstrartekjur	223	183
Rekstrargjöld	246	207
Launagjöld	148	131
Hagnaður/tap ársins	19	2,7
Skuldir samtals	12	3,2
Eigið fé	26	7,4



Grindavík	2021	2020
Rekstrartekjur	177	164
Rekstrargjöld	176	141
Launagjöld	99	74
Hagnaður/tap ársins	1,3	23
Skuldir samtals	1,4	1,2
Eigið fé	23	21



KR	2021	2020
Rekstrartekjur	311	238
Rekstrargjöld	299	254
Launagjöld	157	121
Hagnaður/tap ársins	10	20
Skuldir samtals	81	43
Eigið fé	9,3	18



Fjölnir	2021	2020
Rekstrartekjur	173	143
Rekstrargjöld	164	138
Launagjöld	113	88
Hagnaður/tap ársins	7,6	5,6
Skuldir samtals	24	17
Eigið fé	13	5,7



Breiðablik	2021	2020
Rekstrartekjur	616	445
Rekstrargjöld	567	438
Launagjöld	363	320
Hagnaður/tap ársins	47	13
Skuldir samtals	104	94
Eigið fé	27	3,9



Fram	2021	2020
Rekstrartekjur	60	45
Rekstrargjöld	59	41
Launagjöld	50	33
Hagnaður/tap ársins	0,8	4
Skuldir samtals	1,7	2,5
Eigið fé	5,2	3,3

Allar tölur eru í milljónum króna.



Skuldir hækka hjá flestum en tekjur og laun hækka verulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miklar launahækkningar á milli ára í íslenskum fótbolta



Hörður Snævar Jónsson
hordur@frettabladid.is

Mikil tekjuaukning er í íslenskum fótbolta miðað við þau félög sem skilað hafa ársreikningi fyrir árið 2021. Tekjur Breiðabliks aukast um 171 milljón á milli ára sem er ögn meira en tekjuaukning Vals sem er um 154 milljónir á milli ára.

FÓTBOLTI Af þeim knattspyrnufélögum sem hafa skilað ársreikningum fyrir árið 2021 er skuldaaukning hjá flestum. Þannig hækka skuldir knattspyrnudeildar KR um 38 milljónir króna á milli ára. Skuldir Vals minnka á milli ára og sömu sögu er að segja af Fram sem

nú er komið upp í Bestu deildina eftir nokkurra ára fjarveru.

Launaskrið

Mikil aukning er í útgjöldum samhliða því að tekjur knattspyrnufélaga eru að aukast, launaskrið virðist vera í íslenskum fótbolta en laun og launatengd gjöld hækka mikið á milli ára.

Launakostnaður Vals hækkar um tæpar 60 milljónir á milli ára, hjá KR hækkar sami kostnaður um 36 milljónir króna. Hjá Breiðabliki hækkar launakostnaður um 43 milljónir á milli ára en á Akranesi hækkar sami kostnaðarliður um 17 milljónir á milli ára.

Ríkisstyrkir

Af þeim ársreikningum sem knattspyrnufélög í tveimur efstu deildum á Íslandi hafa skilað er aðeins ÍA sem greinir frá því hversu mikinn ríkisstyrk félagið fékk. Öll íþróttfélög gátu sótt um styrk vegna Covid-lokana, flest félög færa þessa fjármuni undir aðrar tekjur og því er ekki hægt að sjá hversu mikið ríkið setti í vasa knattspyrnudeilda á síðast ári.

Skagamenn fengu 29,5 milljónir úr ríkissjóði vegna Covid-lokana en ljóst er að stærri félög á höfuðborgarsvæðinu fengu stærri sneið af kökunni en Skagamenn fengu í sinn hlut. ■

Kröfur sem Liverpool kaupir ekki

hoggi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það eru auknar líkur á því að besti knattspyrnumaðurinn í ensku úrvalsdeildinni hverfi á braut í sumar. Störukeppni Liverpool við Mohamed Salah hefur staðið yfir í fleiri mánuði, Salah vill hærri laun en Liverpool er tilbúið að borga. Erlendir miðlar segja að sóknarmaðurinn frá Egyptalandi vilji nú fara í hóp launahæstu knattspyrnumanna í heimi, krafan er sögð vera 85 milljónir íslenskra króna á viku.

Þessi magnaði sóknarmaður þénar í dag 34 milljónir á viku, því er um að ræða gríðarlega launahækkun sem Salah fer fram á.

Liverpool hefur á undanförunum árum ekki verið að elta samkeppnisaðila sína í launagreiðslum, félagið hefur verið afar klókt á leikmannamarkaðnum og í samninga-



Mo Salah gæti farið í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

málum sínum. Félagið ætlar ekki að ganga að kröfum Salah sem verður samningslaus eftir 16 mánuði.

Ef Salah skrifar ekki undir nýjan samning við Liverpool á næstu vikum eru allar líkur á því að enska stórlíðið sé tilbúið að selja hann í sumar. FSG sem á Liverpool gæti því freistast til þess að selja Salah í sumar frekar en að eiga það á hættu

að einn besti knattspyrnumaður í heimi fari fritt sumarið 2023.

Erlendir miðlar segja frá því að ítalska stórlíðið Juventus hafi mikinn áhuga á Salah og að félagið vinni nú að því að klófesta hann í sumar. PSG, Real Madrid og fleiri lið hafa svo verið nefnd til sögunnar ef Liverpool neyðist til að selja hann. ■

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 24. mars 2022



Baldvin Hlynsson píanóleikari kemur fram á Óskalögum hlustenda.

Hlustendur fá að velja óskalögin

starri@frettabladid.is

Næstu tónleikar í tónleikaröðinni Jazz í hádeginu nefnast Óskalög hlustenda en þá leika píanóleikarinn Baldvin Hlynsson og Leifur Gunnarsson, sem spilar á kontrabassa, nokkur vel valin óskalög. Þetta er í annað sinn sem fastagestir tónleikaraðarinnar Jazz í hádeginu móta dagskrána en gestir fengu að senda inn óskalög.

Fyrstu tónleikarnir fara fram í Borgarbókasafninu Grófinni, í dag fimmtudag kl. 12.15-13. Þeir verða endurteknir í Borgarbókasafninu Gerðubergi föstudaginn 25. mars kl. 12.15-13 og síðan í Borgarbókasafninu Spönginni, laugardaginn 26. mars kl. 13.15-14.

Jazz í hádeginu er tónleikaröð sem hefur fest sig í sessi á Borgarbókasafninu en markmið hennar er að færa djasstónlistina út í hverfi borgarinnar svo fólk geti notið hennar í nærumhverfinu.

Baldvin Hlynsson er píanóleikari og tónlistarmaður sem hefur unnið með ýmsu tónlistarfólki og hljómsveitum á Íslandi. Auk þess að vinna sem framleiðandi, laga-höfundur og sessionleikari í popptónlist hefur Baldvin BA-gráðu í djasspíanóleik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Stokkhólmi. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem bjartasta vonin í Jazz og blús árið 2017.

Fritt er á tónleikana og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. ■



Hildur er litaglöð í fatavali og hér er hún í glæsilegri grænni dragt sem klæðir hana einstaklega vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fatavalið endurspeglar persónuleika Hildar Björns

Hildur Björnsdóttir, nýkjörinn oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, er lögfræðingur og stjórn málafræðingur að mennt. Hildur er þekkt fyrir sína faguðu framkomu og vandaðan fatastíl. Hún er ávallt glæsileg og útgeislun hennar fangar augað hvar sem hún kemur. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Hildur er litaglöd í fatavali og leitast almennt eftir því að blanda saman nýjum og notuðum flikum með glæsilegri útkomu. Hún þorir að fara sínar eigin leiðir og fylgja sannfæringu sinni og þar koma stjórn málin sterk inn. Hildur hefur alltaf haft mikinn áhuga á stjórn málum, fasteignum, útihlaupum og sætabrauði sem má segja að sé afar góð blanda.

Eins og komið hefur fram er Hildur nýkjörinn oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík en hún hefur starfað sem borgarfulltrúi síðastliðin fjögur ár. „Ég hef heilmikla ástríðu fyrir borgarmálunum enda standa þau fólki svo nærri. Þau snúa að daglegu lífi fólks og nauðsynlegri þjónustu í hversdeginum. Ég elska borgina og brenn fyrir því að gera hana betri fyrir okkur öll.“

Hefur þú ávallt haft skoðun á því hvernig fötum þú vilt klæðast?

„Ætli ég hafi ekki haft nokkuð sterkar skoðanir á því alveg frá barnæsku. Fataval er samt enginn miðpunktur í mínu lífi og ég á fremur auðvelt með að velja fót sem henta mér.“

Mamma og móðuramma fyrirmyndirnar

Þegar Hildur er spurð hvort hún eigi sér fyrirmynd þegar kemur að klæðaburði segir hún að það séu þær sem hafa staðið henni næst. „Ætli mamma og móðuramma mín heitin séu ekki helstu fyrirmyndirnar. Þar hefur áherslan verið á fáar en vandaðar flikur og persónulegan stíl. Amma sagði alltaf „ekkert er ódýrt sem óþarft er“, sem er ágætt að hafa hugfast við fatainnkaup.“

Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?

„Síðustu ár hefur hann almennt verið nokkur litskrúðugur. Hér áður fyrr gekk ég nær eingöngu í svörtu en nú verða bjartir litir oftast fyrir valinu. Mér finnst gaman að blanda saman nýju og notuðu og legg almennt áherslu á að kaupa færri en vandaðri flikur.“

Kjöll og hælur við formlegheitin

Finnst þér skipta máli í hverju þú kemur fram við formlega viðburði?

„Mér finnst aðallega skipta máli að fötin endurspegli persónuna og láti manni líða vel. Við formleg tilefni vel ég sennilega oftast kjól og háa hæla.“

Þegar konur vilja láta bera virðingu fyrir sér og ávinna sér traust, finnst þér þá skipta máli hvernig þær klæða sig og hvernig fylgihluti þær bera?

„Hér áður fyrr töldu konur sig þurfa að klæða sig eins og karlar til að njóta virðingar. Ég hef aldrei nálgast fataval með þeim hætti og finnst þvert á móti mikilvægt að sýna konur í ábyrgðarstöðum sem jafnframt eru kvenlegar í klæðaburði. Ég reyni að ávinna mér traust með gjörðum og framkomu – fatavalið endurspeglar svo bara persónuleikann.“

Aðspurð segist Hildur vera mikið fyrir fót sem eru inndregin í mittið þegar kemur að vali á sniðum. Það heilli hana frekar er annað. „Ég er mikið fyrir fót sem eru inndregin í mittið en að öðru leyti er ég nokkuð opin fyrir sniðum. Á síðustu árum hef ég lagt aukna áherslu á þægileg og klæðileg snið.“

Áttu þér uppáhaldsflikur?

„Ég er mikið fyrir hlýjar og góðar yfirhafnir. Í sérstöku uppáhaldi þessa dagana er gul ullarkápa sem ég fékk á helmingsafslætti í COS. Ég er mikil aurasál og finnst sérlega skemmtilegt að finna mér góðar vörur á góðu verði.“

Áttu þinn uppáhaldshönnuð?

„Mér finnst MAGNEA alveg svakalega flottur fatahönnuður.“



Hildur er þekkt fyrir sinn glæsilega fatastil og faguðu framkomu hvert sem hún kemur. Hún velur sér klæðileg og vönduð fót sem henni líður vel í.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Bláir tónar klæða Hildi vel og má segja að blár sé einn af hennar litum. Hér klæðist Hildur bláum gallasamfestingi úr gallaefni, sem bundinn er í mittið og kemur vel út.



Hildur er mikið fyrir fót sem eru inndregin í mitti og undirstrika kvenlegan vöxt. Hér er Hildur í fallegri ljósri buxnaðragt með mynstri, sem er inndregin um mittið og við dragtina valdi Hildur bláa hælaskó með oddmjörri tá sem er hennar uppáhaldsskósníð.

Bleikir og bláir tónar

Þegar kemur að litavali, fylgir þú tiskustraumunum hverju sinni eða áttu þér þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?

„Bleikir hefur alla tíð verið minn uppáhaldslitur en hann hefur ekki læst inn í fataskápinn í miklum mæli fyrr en síðustu ár. Sennilega vegna tiskustrauma. Mér er reyndar sagt af mér fróðara fólki að bleikir og bláir tónar klæði mig vel. Sel það ekki dýrara en ég keypti.“

Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?

„Ég vel mér oftast frekar fínlega skó enda finnst mér grófari skór klæða mig illa.“

Þegar þú velur þér fylgihluti, hvað finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?

„Ég á nánast enga skartgrip og nota lítið af fylgihlutum. En í mínum huga eru góðir skór, vandaðar yfirhafnir og góð taska það mikilvægasta í fataskápnum.“

Flikur sem hafa notagildi

Hildur segist vanda fatakaupin og velja klassískar flikur sem endast lengi. „Ég hef síðasta áratuginn haft aukinn áhuga á „slow fashion“ sem byggir á því að kaupa færri en vandaðri flikur sem endast um lengri tíma. Ég fer ekki til útlanda og kaupi hrúgald af fötum sem endast stutt. Mun fremur kaupa ég bara eina flik sem endist lengur. Áður en maður veit af hefur maður byggt upp góðan skáp af vönduðum flikum í klassískum sniðum sem hafa notagildi næstu áratuginna. Það er eitthvað sem ég mæli með.“ ■



ZHENZI Karel Kjöll með blómamynstri
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-56
Verð 9.990 kr



YEST/YESTA tunika zikzak mynstruð
Stærðir 38-56
Verð 9.980 kr



YEST/YESTA tunika
Stærðir 40-56
Verð 11.980 kr



YEST Ilara pífukjöll
Stærðir 36-44
Verð 12.980 kr



ES&SY Emma kjöll
Stærðir 38-46
Verð 9.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE
Nordic

OPHILIA



ZHENZI Karel stuttermabolur með blómamynstri
Fæst líka í bláu - Stærðir 42-56
Verð 7.990 kr



YEST/YESTA opin jakkapeysa
Fleiri litir til
Stærðir 40-52
Verð 8.980 kr



YEST Kandy Bleikur Gallajakki
Stærðir 38-48
Verð 12.980 kr



ES&SY Milan blazerjakki
Fleiri litir til
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr



ZE ZE Somaz úlpujakki
Fleiri litir til
Stærðir 36-48
Verð 11.990 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



ZE ZE Sanne hnébuxur
Fleiri litir til
Stærðir 36-48
Verð 8.990 kr



ZE ZE Sanne kvartbuxur
Fleiri litir til
Stærðir 36-48
Verð 8.990 kr



ZHENZI Jazzy kvartbuxur með vösum
Fleiri litir til
Stærðir 42-58
Verð 7.990 kr



ZE ZE Jackie galla-kvartbuxur
Stærðir 36-46
Verð 7.990 kr -



Strigaskór
Stærðir 37-42
Verð 18.990

Verzlunin Belladonna



belladonna

Lítu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Margar konur klippa hár sitt stutt þegar þær eldast vegna þeirrar mýtu að þær eigi ekki að vera síðhærðar. Svo virðist þó vera sem sitt hár hjá konum yfir 50 ára hafi aldrei verið vinsælla. Góð hárumhirða er leyndarmálið að baki fallegu hári, aldur skiptir ekki máli.

elin@frettabladid.is

Áður fyrr var það frekar regla en undantekning að konur létu klippa hárið stutt þegar þær voru komnar á ákveðinn aldur. Mæður okkar og ömmur fóru reglulega í lagningu þar sem hárið var sett upp og greitt í liði með tilheyrandi hárlakki. Stundum þynnist hárið með aldrinum og verður þurrara, þess vegna kjósa konur að hafa það stutt. Nú eru komnar á markað miklu betri hárvörur en áður þekktust og margt hefur breyst með þeim. Góðar hárolíur hafa til dæmis breytt miklu fyrir þær konur sem eru með þurrt hár. Það þykir ekkert sjálfsgðara en að eldri konur hafi sitt hár og enginn veltir því lengur fyrir sér. Nauðsynlegt er þó að hugsa vel um það. Vinsælt er að klippa stytur í sitt hár og ef hárgreiðslumeistarinn er flinkur getur klippingin gert hárið þykkara. Þá er sömuleiðis hægt að fá hárlengingar sem bæði sikka hárið og gerir það þykkara.

Konur í dag eru unglegar ef miðað er við formæður þeirra. Þær eru auk þess sjálfstæðari og öruggari með sig. Þær hafa líka gaman af því að setja hárið upp í snúð sem hefur verið vinsælt eða hafa það í háu tagli. Tískan er frjálsgleg og

Engir aldursfordómar í hártískunni



Sarah Jessica Parker, fædd 25. mars 1965 (57 ára).

öllum konum er velkomið að vera eins og þær kjósa helst.

Nýjar vörur breyta miklu

Það má sjá á helstu stjörnum Hollywood að þær láta aldurinn ekki hindra sig í að láta hárið vaxa. Og það er ekki vegna þess að hárgreiðslustofur voru lokaðar í Covid eins og margir halda. Þetta er val og þessar konur eru flottar. Paul Edmonds, einn þekktasti hárgreiðslumeistarinn í Bretlandi, er vanur að fara höndum um fræga fólkið. Hann segir í viðtali við Vogue að rétt klipping geti skipt miklu máli til að ná fram andlitsfalli konunnar, klippa þarf mjúkar línur í kringum andlitið og kalla fram athyglina á augum og kinnbeinum, segir hann. Paul segir að hárgreiðslufólk eigi að geta leiðbeint um hvaða stíll hentar hverjum best. Svo er alltaf hægt að fá innblástur frá fræga fólkinu sem hefur verið meðhöndlað af færustu hárgreiðslumeisturum. Það eru til margs konar nýjungar fyrir hárið, hármaskar og prótínmedferðir, hárolía og hitavörn eru meðal þeirra vara sem hárgreiðslufólk er farið að nota í ríkara mæli á hársnyrtistofum.

Samkvæmt tiskutímaritinu Elle verður síða hárið enn við lýði þetta árið í tiskuheiminum. Alls kyns útgáfur af tagli, jafnvel með fléttum ásamt því að liðir verða áfram vinsælir. Sléttujárnið er heldur ekki langt undan en oft er það notað til að mynda létta liði í hárinu.

Stjörnur yfir 50 ára með sitt hár

Auðvelt er að nefna flottar konur sem eru allar komnar yfir fimmtugt, jafnvel yfir sjötugt. ■

20% afsláttur* af Stjörnumedferðinni

Ávaxtasýrumedferð sem vinnur á andlitslínunum, slappri húð, litabreytingum, þurri líflausri húð og örum.



Einnig er hægt að bóka tíma í persónulega ráðgjöf. Hjartanlega velkomin.



*gildir til 31. mars 2022



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is



Meryl Streep, fædd 22. júní 1949 (72 ára).



Jennifer Lopez, fædd 24. júlí 1969 (52 ára).



Salma Hayek, fædd 2. september 1966 (55 ára).



Nikole Kidman, fædd 20. júní 1967 (54 ára).



Andie MacDowell, fædd 21. apríl 1958 (63 ára).



Jennifer Aniston, fædd 11. febrúar 1969 (53 ára).



Marisa Tomei, fædd 4. desember 1964 (57 ára).


Stórsýningin Verk og vit



2022 Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 24. mars 2022



Unnið af fullum krafti í Laugardalshöll en sýningin verður opnuð í dag.

Allir tilbúnir fyrir Verk og vit

Stórsýningin Verk og vit hefst í dag í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Þetta er í fimmta skiptið sem sýningin er haldin en um eitt hundrað sýnendur kynna starfsemi sína og nýjungar í vörum og þjónustu. Sýningin stendur yfir alla helgina.

elin@frettabladid.is

Elsa Giljan Kristjánsdóttir er sýningarstjóri Verks og vits. Hún hefur unnið sem sýningarstjóri á öllum fimm Verks og vits sýningunum og býr því að góðri reynslu. Sýningin hefur ekki verið haldin frá árinu 2018 en hún átti að fara

fram árið 2020 en var frestað vegna Covid eins og svo mörgu öðru í þjóðfélaginu. Elsa segir að í rauninni hafi undirbúningur fyrir sýninguna núna hafist árið 2019. „Þegar sýningunni var frestað árið 2020 var allt sett á bið og síðan fórum við í gang aftur í vetur,“ segir hún.

Elsa segist finna fyrir miklum áhuga fyrir tækja á sýningunni, jafnt innlendra sem erlendra. „Margir starfsmenn erlendra birgja koma á Verk og vit ásamt erlendum gestum sem hafa áhuga á að skoða það sem hér er í boði. Stórsýningar á borð við þessa skila sér mjög vel og þykja góð markaðssetning. Það hefur verið virkilega áhugavert að starfa að undirbúningnum, að



Elsa er að vonum kát með að nú er loksins hægt að opna Höllina og bjóða gesti velkomna á stórsýninguna Verk og vit.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

hammerglass



ÓBRJÓTANLEGT ELDTEFJANDI HLJÓÐDEMPANDI

300X STERKARA EN GLER OG HELMINGI LÉTTARA EN SAMBÆRILEGT ÖRYGGISGLER



ÓTÆMANDI MÖGULEIKAR! KÍKTU Á BÁS A51 FYRIR ALLAR UPPLÝSINGAR OG SJÁÐU MÖGULEIKANNA SEM HAMMERGLASS BYÐUR UPP Á.



HEIMLI VERKLANIÐ ION AÐ IONVÍÐI

HAMMERGLASS ÖRYGGISRÚÐUR



SKRALLI

INNFLUTNINGUR RÁÐGJÖF

WWW.HAMMERGLASS.COM

WWW.SKRALLI.S

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagasstyrkingu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?

Kíktu í básinn til okkar

EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignausmsjon.is | eignausmsjon.is

fresta svona stórra sýningu var mikil áskorun. Þolinmæði hefur einkennt alla þá sem komið hafa að þessu verkefni,“ upplýsir Elsa.

Fjöldi nýjunga


„Á sýningunni verður sýndur fjöldi nýjunga varðandi spennandi lausnir í tækni og hugbúnaði. Ég sá það nýlega á sýningu erlendis að það hefur margt verið að gerast á því sviði. Maður fann glögg fyrir því að veröldin er á hraðri leið inn í fjórðu iðnbýltinguna,“ segir hún. „Margvíslegar nýjungar hafa sömuleiðis litið dagsins ljós í hugbúnaðargeiranum sem varða bókhaldsþjónustu fyrir tækja þannig að öll skráning er orðin mun skilvirkari.“ Elsa segir að flestir sem tengist byggingar- og mannvirkjaíðnaði að einu eða öðru leyti komi að sýningunni. „Í dag og á morgun er sýningin ætluð fagaðilum en um helgina er allir boðnir velkomnir. Fagaðilar hafa tækifæri

til að afla sér upplýsinga og nýta sér það sem er í boði á sýningunni. Það er margt afar forvitnilegt fyrir fólk að sjá og uppgötva enda hefur verið mikið um framkvæmdir á heimilum undanfarið,“ segir hún.

Opið alla helgina

Stórsýningin Verk og vit var haldin annað hvert ár fyrir heimsfaraldur. Mikill áhugi hefur ávallt verið fyrir sýningunni. Sýningin hefur auk þess sannað sig sem mikilvægur vettvangur fyrir aðila í byggingar- og mannvirkjageiranum til að hittast, styrkja viðskiptasambönd og kynna sér nýjungar í vöru og þjónustu. Meðal sýnenda eru byggingarverktakar, verkfræðistofur, skólar, fjármála-, ráðgjafar-, og hugbúnaðarfyrirtæki, sveitarfélög og tækjaleigur, svo eitthvað sé nefnt.

Opnunartímar eru: Í dag frá kl. 17-21, föstudag frá 11-19, laugardag frá 11-17 og sunnudag frá 12-17.



Sýningin er fjölbreytt og þar mun bera fyrir augu alls kyns nýjungar á sviði byggingariðnaðar og mannvirkjageirans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÓR



Árið 2018 þegar Verk og vit var síðast í Laugardalshöll komu um 25 þúsund gestir. Búið er við jafnmörgum núna ef ekki fleiri.



Gestir munu verða margs visari eftir að hafa gengið um Höllina á sýningunni Verk og vit. Myndin var tekin í gær þegar undirbúningur stóð sem hæst.

Stórsýningin Verk og vit



2022 Íslenskur byggingariðnaður,
mannvirkjagerð og skipulagsmál

Laugardalshöll 24.–27. mars



Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fimmta sinn dagana **24.–27. mars 2022** í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Verk og vit er frábær vettvangur til að kynna sér allt það nýjasta í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum ásamt því að kynna sér spennandi vörur og þjónustu.

Hlökkum til að sjá þig á Verk og vit 2022 - Sjón er sögu ríkari

OPNUNARTÍMI FAGADILAR ALMENNIR GESTIR

Fimmtud. 24. mars	kl. 17-21	
Föstud. 25. mars	kl. 11-19	
Laugard. 26. mars	kl. 11-17	kl. 11-17
Sunnud. 27. mars	kl. 12-17	kl. 12-17

Verð aðgöngumiða: kr. 3.500 kr. 1.750
Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana
Miðasala á verkogvit.is, tix.is og við innganginn

Sýning • ráðstefna • viðburðir

verkogvit.is

SAMSTARFSADILAR



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



BYKO



Níutíu ára reynsla af stórframkvæmdum

Verkís veitir ráðgjöf og alhliða þjónustu á öllum sviðum verkfræði og í skyldum greinum og hefur tekið þátt í flestum stórframkvæmdum hér á landi. Fyrirtækið fagnar nú 90 ára stórafmæli og ætlar að halda upp á það með ýmsum hætti, meðal annars með spennandi bás á sýningunni Verk og vit.

oddurfreyr@frettabladid.is

„Verkís heldur upp á 90 ára afmæli sitt í ár, en það eru nú liðin 90 ár síðan Sigurður Thoroddsen stofnaði verkfræðistofu í Reykjavík og miðast aldur Verkís við þann atburð,“ segir Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri Verkís. „Verkís veitir ráðgjöf og alhliða þjónustu á öllum sviðum verkfræði og í skyldum greinum og í flestum stórframkvæmdum hér innanlands hefur sérfræðiþekking Verkís komið við sögu. Okkar hugsjón og markmið er að byggja upp samfélög en við höfum meðal annars komið að gerð iþróttamannvirkja, menntastofnana, heilbrigðisstofnana, vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og samgönguinnviða á borð við brýr, vegi, flugvelli og hafnir.“

Það sem gefur Verkís sérstöðu er sú áratuga reynsla sem býr innan veggja stofunnar og sá fjöldi verkefna sem við höfum unnið að, bæði innanlands og erlendis,“ segir Egill. „Við komum að verk-

efnum frá fyrsta stigi til lokastigs framkvæmda og höfum sinnt orkumálum, iðnaði og innviðum eins og Landsneti, Veitum og öðru sem heldur samfélaginu gangandi í miklum mæli.“

Fjölbreytni tryggir alhliða úrlausnir

„Þjónustuframboð Verkís nær til flestallra, bæði stórra sem smárra viðskiptavina, þó að undanfarið hafi stærri verkefni aukist í verkefnasafni stofunnar. Sá fjöldi sérfræðinga sem við höfum innan okkar raða gerir það að verkum að viðskiptavinir geta fengið heildstæða úrlausn sinna mála hjá einu fyrirtæki. Verkís hefur mikla og fjölbreytta reynslu og kunnáttu,“ segir Egill. „Hér starfa ekki bara verkfræðingar og tæknifræðingar, heldur líka náttúrufræðingar, jarðfræðingar, viðskiptafræðingar, fiskifræðingar, vistfræðingar og svo framvegis. Þetta er fjölbreyttari hópur en margir átta sig á.“

Vilja vera sýnileg á afmælisárinu

„Við stefnum á að vera sýnileg á öllu landinu þetta árið, enda erum við svo heppin að vera með starfsstöðvar víða um landið. Hátíðin er þegar hafin og við stefnum á að halda að minnsta kosti fjóra morgunverðarfundi í höfuðstöðvum okkar í Ofanleiti. Áherslan á þessum fundum verða samfélagslega tengd málefni sem allir hafa gaman af því að kynna,“ segir Egill. „Við höldum okkar



Egill Viðarsson, framkvæmdastjóri Verkís, segir að það sé ýmislegt á döfinni til að fagna stórafmælinu og það verði meðal annars gert á Verki og viti, þar sem stofan verður með stórglæsilegan og spennandi bás. MYND/PIX.IS

fyrsta fund núna í mars, þar sem fjallað var um skipulag og náttúruvá á lágsvæðum. Þar fengum við gestafyrirlesara og okkar eigin sérfræðinga til að fjalla um þetta málefni. Næsti fundur verður svo með áherslu á iþróttamannvirki, svo eitthvað sé nefnt.

Við erum líka að bjóða til veg-

legra nemendaheimsóknna til okkar en það er okkur mikilvægt að vera í góðu sambandi við helstu menntastofnanir og skapa tengsl við þá nema sem koma til með að taka við keflinu í atvinnulífinu. Við höfum ráðið til okkar sumarstarfsfólki á hverju sumri og ráðum síðan til okkar starfsfólki sem er nýútskrifað úr háskóla í framtíðarstörf,“ segir Egill. „Svo verður vegleg afmælishátíð í Perlunni í maí og þá fögnum við afmælinu með starfsfólki og viðskiptavinum. Svo er annað sem kemur fram þegar liður á árið.“

Fjölmörg spennandi verkefni í vinnslu

Verkís hefur tekið að sér gríðarlegan fjölda af mjög fjölbreyttum verkefnum sem fyrirtækið hefur unnið að og mun sinna á næstunni.

„Helstu verkefni okkar í dag snúa að endurnýtanlegri orku, samgöngumannvirkjum og ýmsum innviðaverkefnum,“ segir Egill. „Þau helstu eru stækkun og endurnýjun á jarðvarmavirkjunum á Reykjanesi, bæði Svartsengi og Reykjanesvirkjun, stækkun flugstöðvarinnar í Keflavík, nýjar og endurbættar akstursbrautir á Keflavíkurflugvelli, stækkun steypuskála Norðuráls, endurnýjun á dreifikerfi Veitna, hönnun síðasta áfanga Arnarnesveggar, vatnsaflsvirkjanir í Georgíu, flutningsverkefni fyrir Landsnet, ýmis verkefni fyrir Vegagerðina, nýr skóli í Nuuk á Grænlandi, ný sundhöll í Bodø í Noregi og stækkunir og endurbætur á skólum, leikskólum, heilbrigðisstofnunum og iþróttamannvirkjum um allt land, ásamt ýmsum öðrum samfélagslega áhugaverðum verkefnum. Þetta er eiginlega bara endalaus upptalning, en þetta er svona það allra helsta.“

Fram undan eru svo verkefni sem snúa almennt að orkuskiptum framtíðarinnar, endurnýjanlegri orku og loftslags- og umhverfismálum, áframhaldandi endurnýjun veitukerfa og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli,“ segir Egill. „Svo eru alls konar vistvottanir varðandi sjálfbærni orðnar mjög stórar þegar til framtíðar er litið, svo eitthvað sé nefnt.“

Mikið um dýrðir á Verki og viti

„Verkís tekur þátt í Verki og viti, en sýningin er að okkar mati mikilvægur vettvangur til að kynna þjónustuframboðið og segja frá því sem við höfum upp á að bjóða, ásamt því að styrkja viðskiptasambönd og afla nýrra,“ segir Egill. „Við

” Sjón er sögu ríkari og ég hvet alla til að mæta og sjá það sem fer fram á sýningunni Verk og vit, þar verður mikið að sjá í alls konar flottum básum. Við hlökkum til að sjá sem flesta.

viljum líka vera sjáanleg og kynna Verkís. Okkur finnst Verk og vit vera vettvangurinn sem hentar Verkís best til þess.

Í ár erum við í afmælisskapi og litum björtum augum til framtíðar. Básinn okkar verður undirlagður af því að halda upp á stórafmælið og við ætlum að frumsýna afmælismyndband um söguna okkar,“ segir Egill. „Starfsfólki okkar verður líka á staðnum til að svara spurningum áhugasamra og taka á móti gestum og viðskiptavinum sem sækja sýninguna. Við ætlum líka að sýna sýndarveruleika sem við notum í hönnunarvinnu, en slíkri tækni hefur fleygt fram að undanförunum, virkar mjög vel og margir af okkar helstu viðskiptavinum vilja í auknum mæli nýta sér þessa tækni. Hún gerir það að verkum að hönnuðir og viðskiptavinir geta gengið um og skoðað mannvirkin þegar þau eru í hönnun og svo í lokin þegar hönnun á þeim er lokið áður en þau eru reist. Þetta er í raun eins og hönnunarsýning í sýndarveruleika.“

Út frá þessari tækni hefur svo ýmis önnur tækni þróast, eins og sjálfvirkni í hönnun þegar verið er að endurtaka sama hlutinn, þá er hægt að teikna hann upp einu sinni og láta svo hugbúnað endurtaka hönnunina eins oft og þarf,“ segir Egill. „Það eru því ýmsar spennandi tækninýjungar að ryðja sér til rúms á þessu sviði og við viljum að sjálfsgöðu taka þátt og þróa okkar aðferðir.“

Sjón er sögu ríkari og ég hvet alla til að mæta og sjá það sem fer fram á sýningunni Verk og vit, þar verður mikið að sjá í alls konar flottum básum. Við hlökkum til að sjá sem flesta, enda held ég að allir séu orðnir langeygir eftir persónulegum samskiptum eftir tvö ár þar sem þau hafa verið að mestu raf-ræn. Við erum búin að bjóða mjög mörgum og hlökkum til að sjá sem flesta og vonum að þetta heppnist vel,“ segir Egill að lokum. ■

ALVÖRU
VERKFAERI

Á TILBOÐI VEGNA
VERK OG VIT 2022

GJAFALEIKUR

Taktu þátt, við drögum 28. mars. Í aðalvinning er þetta glæsilega **Scott Aspect 900 fjallahjól**. Í aukavinning er **Milwaukee M12 borvél**. Skannaðu QR kóðann til að skrá þig.


VERKFAERA
SALAN

Verk og vit 2022

Við erum á bás B60.
hlökkum til að sjá ykkur.

VERKFAERASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG



ÞEKING Í VERKI Í 90 ÁR

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru, einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra. Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking, stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

Starfsfólk Verkís stendur vaktina á Verk og vit 2022, tökum vel á móti þér í bás C50.



Vistvænni mannvirkjagerð

Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er meðal annars að tryggja öruggt húsnæði fyrir alla, undirbyggja vandaða ákvarðanatöku í húsnæðismálum, lágmarka slys og tjón af völdum elds og rafmagns og tryggja faglegri undirbúning mannvirkjagerðar.

sandragudrun@frettabladid.is

Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, teymisstjóri nýsköpunar hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, segir stofnunina taka hlutverk sitt mjög alvarlega við að ná samfélagslegum árangri í húsnæðis- og mannvirkjamálum.

„Það gerum við í fyrsta lagi með því að tryggja öruggt húsnæði fyrir alla. Þannig bjóðum við meðal annars upp á hlutdeildarlán fyrir fyrstu kaupendur og lán til húsnæðisuppbyggingar á landsbyggðinni. Stór partur af okkar starfi felst einnig í úthlutun á stofnframlögum til uppbyggingar á öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignarmörkum,“ upplýsir Þóra Margrét.

„Í öðru lagi þá reynum við að fylgjast með og meta hvert framboðið er á húsnæðismarkaði hverju sinni og um leið áætla framtíðarþörfina svo unnt sé að taka markvissar ákvarðanir og stuðla að jafnvægi á markaðnum. Við gerum þetta með uppbyggingu



Stór þáttur í starfi HMS er að stuðla að vistvænni mannvirkjagerð.

MYNDIR/ÁSENDAR

gagnagrunna á borð við mannvirkjaskrá svo við getum fylgst með hver staða uppbyggingar er hverju sinni og með rafrænum húsnæðisáætlunum sveitarfélaga,“ útskýrir hún.

„Í þriðja lagi er hlutverk okkar að lágmarka slys og tjón af völdum elds, rafmagns og skorts á gæðum í mannvirkjagerð. Í því sambandi stefnum við meðal annars að því í samstarfi við byggingarfulltrúa að tryggja samræmingu á eftirliti með byggingarframkvæmdum og byggingarvörum. Einnig stuðlum við að því að byggingarstjórar, hönnuðir, hönnunarstjórar og iðnmeistarar séu meðvitaðar um sína faglegu ábyrgð, notist við virk gæðastjórnunarkerfi í eftirliti sínu með framkvæmdum og þess háttar. Einnig erum við með brunavarnar-

teymi sem vinnur að samræmingu brunavarna í landinu, hefur eftirlit með starfsemi slökkviliða, sinnir forvörnum og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum.“

Stórt vistspor mannvirkja

Þóra Margrét segir að stór partur af öllu þessu sé að reyna að minnka vistspor mannvirkjagerðar en 30-40 prósent allrar kolefnislosunar á heimsvísu koma frá mannvirkjagerð.

„Þess vegna er stór þáttur í okkar starfi að reyna að stuðla að vistvænni mannvirkjagerð. Við hjá HMS höfum unnið að því í gegnum samstarfsverkefnið Byggjum grænni framtíð. En við höfum tækifæri til að gera betur í þeim efnum í gegnum lánastarfsemi



Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, teymisstjóri nýsköpunar.

okkar, upplýsingaöflun og regliverki byggingarframkvæmda,“ segir hún.

„Hlutverk nýsköpunarteymis HMS er að stuðla að minna vistspori mannvirkjagerðar. Núna um daginn kom út mat þar sem árleg losun íslenskra bygginga var metin í fyrsta sinn. Það kom í ljós að byggingarefnin, einkum steypan, er stærsti losunarþátturinn í mannvirkjagerð. Við erum að horfa á losun yfir allan líftíma íslenskra bygginga og hvort sem hún á sér stað innanlands eða erlendis.“

Þóra segir það hafa komið á óvart hvað losun vegna orkunýtingar mannvirkja á nýtingartíma þeirra er gríðarlega mikil.

„Við höfum staðið í þeirri trú að við séum með svo græna orku, og

hún er það í raun en engu að síður er losunin mikil, 30 prósent af kolefnissporinu. Þessar nýju upplýsingar um losun íslenskra bygginga gera okkur kleift að skilgreina markvissar aðgerðir til að minnka þessa losun. Þetta er aðalverkefnið okkar hjá nýsköpunarteyminu núna að vinna með.“

Mannvirkjarannsóknarsjóður

Nýlega var stofnaður styrktarsjóður fyrir rannsóknir og nýsköpun í mannvirkjagerð sem hefur verið nefndur Askur. Sjóðurinn er fjármagnaður af háskóla-, innviða- og nýsköpunarráðuneytinu og innviðaráðuneytinu en Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) annast stjórn og daglega umsýslu sjóðsins.

„Sjóðurinn veitir styrki til nýsköpunar- og rannsóknarverkefna í mannvirkjagerð. Við auglýstum fyrstu úthlutun í lok síðasta árs og í síðustu viku veittu ráðherrarnir tveir 23 verkefnum styrki með formlegum hætti upp á 95 milljónir alls. Þetta eru gríðarlega fjölbreytt verkefni,“ segir Þóra Margrét.

„Næsta úthlutun úr Aski verður síðan auglýst í september næstkomandi. Við sjáum að þessir styrkir skipta mjög miklu máli við að efla nýsköpun og rannsóknir á sviði mannvirkjamála. Um leið eru þeir til þess fallnir að styðja við verðmætasköpun og atvinnusköpun hér á landi og stuðla að vistvænni mannvirkjagerð með beinum og óbeinum hætti.“ ■

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Vinnupallar minna á að
öryggi er margfalt meira virði en slys og tjón.
Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim.

vpallar@vpallar.is • www.vpallar.is

Abloy
1907

Snemma á 20. öldinni, í Finnlandi, verður diskasýlinderinn til, undir vörumerkinu Abloy. Það þótti mikil framför og merk þróun í heimi læsinga. Abloy framleiðir enn öryggislæsingar sem byggja á sömu tækni.




Öryggi er lykilatriði

Frá alda öðli hefur þótt nauðsynlegt að geta lokað og læst. Elstu lásar sem fundist hafa eru egypskir, úr tré og eru nokkur þúsund ára. Í meira en 100 ár hafa Vélar og verkfæri verið fremst fyrirtækja á Íslandi í sölu og þjónustu á lásum, lykllum, hurðarhúnum og íhlutum.

Hjá okkur fást öll þekktustu vörumerki heims á sviði læsinga:

ASSA ABLOY, Abloy og Yale. Sérfræðingar Véla og verkfæra og Lykillausna taka vel á móti öllum þeim sem þurfa að opna, loka, læsa, jafnt dyrum sem gluggum - af öryggi.



Yale[®] smart Living

Tæknin og rafmagnið er nú í lykilhlutverki, við opnum hiklaust dyr með snjallsímum og nándaryklum. Gamli góði lykillinn er þó alltaf hafður innan seilingar, til öryggis og vara.



ASSA ABLOY

Ein af nýjungum samtímans er eCliq frá ASSA ABLOY sem gefur möguleika á aðgangsstýringu án þess að leggja rafmagn.



Assa lykilinn þekkjum við eflaust öll, fyrirtækið sem framleiðir þá er sameinaða fyrirtækið ASSA ABLOY.



**LYKIL
LAUSNIR**
Lyklasmíði & öryggiskerfi



**VÉLAR &
VERKFÆRI**

Lykillausnir, Skútuvogi 1E, sími 533 2900

Vélar og verkfæri, Skútuvogi 1C, sími 550 8500



Hópurinn sem stýrir verkefni Byko á sýningunni Verk og vit. Frá vinstri: Kjartan Long, Gunnur Magnúsdóttir, Jóna Guðrún Kristinsdóttir og Sigurgeir Már Sigurðsson – á myndina vantar Renzo G. Passaro.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

BYKO traustur samstarfsaðili Verks og vits

BYKO hefur frá upphafi verið samstarfsaðili stórsýningarinnar Verks og vits, á því verður engin breyting í ár. Básinn verður stærri en nokkru sinni fyrr og kynntar verða fjölmargar spennandi nýjungar.

Sem einn af samstarfsaðilum sýningarinnar leggjum við okkar afmörkum til að sýningin verði hin glæsilegasta. Þessi vettvangur er mjög mikilvægur og frábær leið til að tengjast viðskiptavinum og öðrum sýningargestum enn betur og nýtum við okkur reynsluna eftir hverja sýningu til að gera betur þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum.

Í ár verðum við með 96 fermetra bás inni á sýningarsvæðinu þar sem við munum reisa flotta byggingu sem skartar fjölbreyttu vöruúrvali og fróðleik. Við munum bjóða upp á kynningar frá birgjum og ráðgjöfum ásamt því að bjóða gestum að skoða nýjar stafrænar lausnir og spjalla við sérfræðinga. Einnig munum við sýna það helsta sem BYKO Leiga hefur upp á að bjóða í stærri leigutækjum og vinnupöllum á útsvæði þar sem gengið er inn í Laugardalshöllina.

Á síðasta ári var stofnað nýtt svið: framþróun verslunar og viðskiptavina, ásamt því að móta nýja stefnu sem miðar að því að viðskiptavinurinn sé miðja alls í starfsemi okkar. Mun áframhaldandi þróun lausna og þjónustu miða að því að uppfylla þarfir viðskiptavina. Okkar framlag á sýningunni í ár verður því kynning á stafrænum lausnum, sjálfbærni-vegerð okkar ásamt því að kynna nýjungar í vöruvali og þjónustu til viðskiptavina.

Áhersla á ráðgjöf og fræðslu um mikilvægi sjálfbærni

Umhverfisvitund hefur fylgt okkur hjá BYKO frá stofnun félagsins árið 1962 þegar stofnendur hófu garðrækt í Guðmundarlundi.

Lundurinn var síðar gefinn Skógræktarfélagi Kópavogs til útivistar fyrir almenning og hefur verið mikið notaður. Félagið hefur einnig stundað skógrækt í landi Drumboddsstaða og hafa eigendur og starfsmenn gróðursett þar yfir 130.000 tré sem í dag binda um 1.200 tonn af kolefni árlega.

Þegar krafan um aðgerðir í loftslagsmálum hækkaði fórum við því að skoða hvað við gætum gert til að leggja okkar afmörkum og draga úr þeim áhrifum sem okkar starfsemi hefur á umhverfi okkar. Þannig varð umhverfisstefna okkar „Vistvæn saman“ til og fórum við markvisst að vinna að því að lágmarka okkar kolefnis- spor með því að flokka úrgang, skipta yfir í LED-lýsingu og rafvæða bíla og tækjaflotann okkar.

Við fórum í samstarf með Visthúsi árið 2017 um byggingu á Svansvottuðu húsi og höfum síðan þá bætt við okkur þekkingu og reynslu á vistvænum framkvæmdum og efnisvali. Við höfum sótt okkur sérþekkingu á vistvottunarkerfum fyrir byggingar, bæði Svaninum og BREEAM og komið að lærdómsríkum samstarfsverkefnum sem hafa veitt okkur innsýn í heildarferli slíkra framkvæmda. Hjá BYKO starfar BREEAM-vottaður ráðgjafi sem aðstoðar bæði sölumenn og viðskiptavinum við upplýsinga- og gagnaöflun ásamt því að veita ráðgjöf og standa að fræðslu um vistvæn byggingarefni og vistvottunarkerfi.

Við höfum stutt við nýsköpunarverkefni á borð við Visttorg sem vinna að fyrsta íslenska gagnagrunninum um vistvæn byggingarefni. Einnig höfum við komið að verkefnum á borð við Svansvottað íbúðarhús sem Visthönnun er að byggja og Svansvottuðum endurbótum Arkís arkitekta á eldra húsnæði sem nú hýsir þeirra starfsemi.

Sú þekking sem starfsmenn okkar hafa öðlast mun nú ekki einungis nýstast viðskiptavinum



Bláa línan frá Bosch er hönnuð með endingu, skilvirkni, öryggi og þægindi í huga fyrir fagmenn. GSB 18V-150C Solo L-Boxx 4 rafhlöðuborvélín frá Bosch er einstaklega hentug og öflug fyrir hvers kyns verkefni. MYNDIR/ÁSENDAR



BYKO er söluaðili fyrir Bosch rafmagnsverkfæri og fylgihluti. GBH 18V-20 1,7J SOLO borhamarinn frá Bosch er öflugur og ending rafhlöðunnar er einstök.

okkar heldur höfum við ákveðið að fylgja eigin ráðlegginum og byggja vistvænt. Á lóð Timburverslunar okkar í Breiddinni eru framkvæmdir þegar hafnar við byggingu nýrra höfuðstöðva BYKO, Norvikur og Smáragarðs. Þessi bygging verður BREEAM-vottuð, 5 hæðir og byggð úr

CLT-einingum og límtré. Mikil áhersla hefur verið lögð á lýsingu, loftræstingu, náttúrulega birtu og vistvæn byggingarefni við hönnun hússins.

Við viljum vera öðrum hvatning til að láta sig málin varða, huga að sjálfbærni og leggja sitt afmörkum til að lágmarka losun og sporna

við þróun í loftslagsmálum. Því er mikilvægt að við ekki bara fræðum og ráðleggjum heldur sýnum í verki mikilvægi þess að huga að sjálfbærni við mannvirkjagerð.

Þetta er gríðarlega spennandi verkefni og mjög lærdómsríkt, við viljum því hvetja aðila í byggingar- iðnaði til að leita til okkar og nýta sér okkar reynslu, við erum alltaf til staðar.

Stafræn framþróun og einfaldari viðskipti

„Einfalt og fljótlegt“ eru einkunnarorð nýrrar stefnu í stafrænni þróun fyrir viðskiptavinum BYKO. Markmiðið með þessari þróun er að gera kaupferli viðskiptavina eins þægilegt og hægt er og mæta þannig þörfum nútíma viðskipta- háttá. Fyrsta skrefið í þessu ferli var að opna sjálfsafgreiðslukassa í verslunum okkar. Í fyrstu var einungis hægt að eiga viðskipti í staðgreiðslu en nú höfum við bætt við möguleikanum á að eiga reikningsviðskipti í sjálfsafgreiðslu. Viðskiptavinir hafa tekið mjög vel í þessa nýjung og margir tekið því fagnandi að geta klárað viðskipti sín á hraðan og einfaldan máta.

Á sýningunni munum við svo formlega opna nýjan þjónustuvef sem hefur fengið nafnið „Mitt BYKO“ en á þessum vef geta viðskiptavinir haft enn betri yfirsýn yfir sín viðskipti og viðskiptakjör ásamt því að geta stýrt því hverjir hafa úttektarheimild, séð eftirstöðvar lánamarks og stillt inn ýmsa möguleika eins og beiðna- skyldu og fleira. Á þessum nýja vef geta einstaklingar með tengsl við félög og fyrirtæki fært sig á milli eigna viðskipta og fyrirtækjaviðskipta með einföldum hætti ásamt því að bóka tíma í ráðgjöf.

Í tengslum við þennan nýja vef geta viðskiptavinir sótt sér rafrænt BYKO-kort sem tengt er viðkomandi með þeim hætti að kortið er skannað og fyllir þannig inn allar viðeigandi upplýsingar í kerfið þegar verslað er. Því verður óþarfi

að telja upp persónuupplýsingar í hvert sinn sem verslað er. Við munum á sýningunni leiðbeina gestum við innskráningu, leiða þá í gegnum þá þjónustu sem er í boði á vefnum ásamt því að fara í gegnum notkun rafræna BYKO-kortsins.

Vörubrúun og nýjungar

Á sýningunni munu okkar helstu sérfræðingar vera til taks fyrir áhugasama sem vilja kynna sér betur þær nýjungar sem við höfum upp á að bjóða. Meðal þess sem við munum kynna á sýningunni eru nýjar lausnir í utan- og innanhússklæðningum. Þar má nefna nýtt undirkerfi fyrir utanhússklæðningar sem BYKO hefur verið að útfæra í samráði við verktaka sem sérhæfðir eru í klæðningalausnum. Þetta kerfi líkist hefðbundnum kerfum en hefur þann kost að hægt er að vatnsverja einangrunina til dæmis með Siga-dúk og hún helst alltaf þurr. Omega-prófillinn tryggir svo góða loftun undir klæðningu sem hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður, þar sem vatn og vindar ráða oft ríkjum og undirþrýstingur myndast í byggingunni sem eykur hættu á útveggjaleka í gegnum steypusprungur. Við höfum einnig fengið nýja birgja í klæðningum og getum nú boðið bæði ál- og bondklæðningar, sérsniðnar að þörfum viðskiptavina. Enn ein nýjungin í klæðningum er Lunawood – Thermowood sem er Svansvottuð, hitameðhöndluð viðarklæðning sem hentar vel til notkunar bæði innan dyra og utan.

BYKO hefur í yfir 30 ár framleitt glugga og þar af í 20 ár í verksmiðju okkar í Lettlandi. Gestum sýningarinnar gefst kostur á að skoða nokkrar útfærslur en BYKO-glugginn var hannaður á Íslandi með tilliti til íslenskrar veðráttu og stenst þær kröfur sem gerðar eru til glugga. BYKO-glugginn hefur þróast í takt við tímann og auknar kröfur varðandi hljóðeinangrun, einangrun og styrkleika. Að auki eru gluggarnir slagregnsprófaðir reglulega. BYKO-gluggann er bæði hægt að fá sem timburglugga eða sem álklæddan timburglugga sem er vinsælasta týpan okkar. Að sjálf-sögðu bjóðum við upp á útihúðir í stíl við gluggana. Útihúðir eru til í óteljandi útfærslum og ef óskað er, sérsmíðum við þær eftir teikningum, ljósmyndum eða góðu minni viðskiptavinarins.

Einnig verður til sýnis „aldamótargluggi“ sem er gluggi framleiddur í samstarfi við rótgróna gluggaverksmiðju í Danmörku. Þessi gluggi er mjög vinsæll hjá þeim sem eru að gera upp gömul hús eða byggja ný hús í gömlum stíl að hætti húsa sem voru byggð á Íslandi um aldamótin 1900.

Síðast en ekki síst má nefna álgluggalausn í rennihúð sem til sýnis verður en BYKO býður upp á hinar ýmsu tæknilausnir þegar kemur að álglugga- og hurðalausnum. Geta sérhæfðir starfsmenn að auki sérhannað lausnir, allt eftir þörfum viðskiptavina. Þannig að ef þig vantar glugga eða klæðingu á húsið þá þarftu ekki að leita langt yfir skammt, þú færð þetta allt í BYKO.

Enn ein nýjungin sem við munum bjóða gestum upp á að skoða eru kantelement frá Grundmáklarna. Þetta er einföld lausn fyrir plötusteypu og er leyfileg fyrir Svansvottaðar byggingar. Kantelementin eru forsníðin mót úr EPS-einangrun með áfastri trefjaseiningsplötu sem hægt er að ráða saman eftir þörfum viðskiptavina og nýta til að steypa plötu fyrir byggingu. Gísli Algeirsson ráðgjafi mun vera til staðar og sýna og segja áhugasömum nánar frá þessari nýjung.

BYKO hefur um árabíl selt hágæða danskar innréttingar frá JKE og býðst viðskiptavinum í



BYKO hefur um árabíl selt hágæða danskar innréttingar frá JKE og býðst viðskiptavinum í að fá þar teiknaðar sérsniðnar lausnir.

MYNDIR/ÁSENDAR



BYKO mun kynna nýjar og spennandi lausnir í utan- og innanhússklæðningum á sýningunni. Þar má nefna nýtt undirkerfi fyrir utanhússklæðningar.

BYKO býður upp á hinar ýmsu tæknilausnir þegar kemur að álglugga- og hurðalausnum.



verslun okkar í Breidd að fá þar teiknaðar sérsniðnar lausnir, eitt-hvað sem mörgum hentar betur en hinar stöðluðu. Allar hvítar innréttingar frá JKE eru leyfilegar í Svansvottuð húsi þar sem framleiðandinn hefur skipt yfir í eitrefnalausa húðun á hvítum innréttingum og frekari þróun er í gangi hjá þeim hvað varðar vistvænar lausnir. Innrétting ásamt fallettri borðplötu verður til sýnis í básnum okkar ásamt eldhústækjum frá GROHE.

Gestum sýningarinnar mun gefast færi á að prufa GROHE Blue tæki sem er eldhústæki með innbyggðum sóðavatnstanki. Hægt er að fá bæði hefðbundið kranavatn sem og sóðavatn beint úr krananum. Einnig verða til sýnis bæði eldhústæki og handlaugartæki frá GROHE í ýmsum litum.

BOSCH-sérfræðingur verður með okkur á sýningunni og mun sýna gestum nýjungar í verkfærum en BYKO er söluaðili fyrir Bosch-rafmagnsverkfæri og fylgihluti fyrir rafmagnsverkfæri. Bosch er þýskur framleiðandi sem hóf að framleiða verkfæri árið 1886 og rafhlöðuverkfæri árið 1969. Bosch

höfðar bæði til fagmanna sem og einstaklinga. Bláa línan frá Bosch er hönnuð með endingu, skilvirkni, öryggi og þægindi í huga fyrir fagmenn. Nýjustu verkfærin í þessari línu eru svokölluð BiTurbo-verkfæri og koma þau öll í 18V rafhlöðulínunni. Það sem gerir þessi verkfæri svo öflug er samvinna rafhlöðu og kolalausra mótorá með það að markmiði að hámarka afköstin án þess að draga úr endingu rafhláða. Í dag fást í BYKO fjölmörg BiTurbo-verkfæri og yfir 100 verkfæri sem passa við sömu rafhlöðurnar. Nýjustu rafhlöðurnar heita ProCore og hafa slegið í gegn hjá fagmönnum. Einnig mun Bosch kynna á sýningunni nýjustu sagarblöðin og bora með karbitlausnum sem gera alla vinnu mun þægilegri og fljótvirkari.

Önnur nýjung hjá BYKO er



Kostir þess að nota CLT og möguleikarnir eru nánast óendanlegir. CLT er notað í vegg, gólf og þök og kemur tilnsiðið. Meðal annars er hægt að fá furu, greni, lerki, þin, birki og eik sem lokayfirborð.

Okkar framlag á sýningunni í ár verður kynning á stafrænum lausnum, sjálfbærnivægferð okkar ásamt því að kynna nýjungar í vöruvali og þjónustu til viðskiptavina.

borð eininganna. Meðal annars er hægt að fá furu, greni, lerki, þin, birki og eik sem lokayfirborð.

BYKO hefur í samvinnu við Þórhall Sigurðsson arkitekt endurhannað nokkrar gerðir sumarhúsa sem BYKO hefur boðið upp á frá árinu 2007. Eru húsin stórglæsileg og hægt er að fá þau í ýmsum stærðum og útfærslum, að sjálf-sögðu úr CLT-einingum og með gluggum og klæðningum frá BYKO. Hægt verður að skoða teikningar af þessum húsum á sýningunni.

Við hjá BYKO erum afar stolt af þessari vegferð sem við erum á þegar kemur að sjálfbærni og stafrænum lausnum. Við hlökkum mikið til að hitta gesti sýningarinnar og heyra hvað þeir hafa að segja um allar nýjungarnar sem við ætlum að kynna og sýna. ■



JAFNRÉTTI
KYNJANNA



GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



SAMVINNA UM
MARKMIÐIN



ÁBYRG MEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Óþrjótandi og fjölbreytt tækifæri fyrir starfsmenn

Ístak var stofnað árið 1970 og saga þess spannar því meira en hálfa öld. Starfsmenn fyrirtækisins eru á fjórða hundrað.

Heimamarkaður Ístaks er Ísland, Grænland og Færeyjar. Fyrirtækið getur því boðið starfsfólki sínu tækifæri til að starfa úti á landi eða í löndunum í kringum okkur.

Ístak er hluti danska verkataka-fyrirtækisins Per Aarsleff og hefur gott aðgengi að sérfræðipækkingu móðurfélagsins. Tækifæri til að starfa erlendis geta einnig skapast á vegum Per Aarsleff.

Möguleikar á starfsþróun eru miklir hjá Ístaki. Engin tvö byggingarverkefni eru eins og því er mikið um nýjar áskoranir.

Þrátt fyrir að Ístak sé í grunninn verktafyrirtæki í byggingar-iðnaði starfar þar fólk með mjög fjölbreyttan bakgrunn og menntun. Má þar nefna verkfræðinga, tæknifræðinga, viðskiptafræðinga, stóran hóp iðnmeistarar, húsa-smíði, múrara, rafvirkja, bifvéla-virkja, tækjamenn og verkamenn svo eitthvað sé nefnt. Tækifærin eru ótal mörg fyrir fólk með alls konar þekkingu hjá fyrirtækinu.

Núna vantar sérstaklega til starfa tækjamenn, verkstjóra, iðnaðarmenn og tækjamenn.

Helstu verkefni Ístaks í dag eru Hús íslenskunnar, stækkun Reykjanesvirkjunar, stækkun á flughlaði og viðbygging við Leifstöð, endurbygging Orkuveituhússins, stækkun á Þjóðvegi 1 um Kjalarnes, skóli og menningarmiðstöð í Nuuk á Grænlandi ásamt fjölda annarra stærri og smærri verkefna.

Hjá Ístaki starfar öflugt BIM/VDC-þróunarteymi sem samanstendur af sérfræðingum með ólíkan bakgrunn og sérþekkingu. Tilgangur teymisins er að þjóna verkum og deildum fyrirtækisins með sérhæfðri þjónustu BIM og annarri upplýsingatækni með það að markmiði að skapa virði fyrir verkefni og auka ánægju viðskiptavina okkar.

BIM er skammstöfun fyrir enska hugtakið Building Information Modelling sem á íslensku hefur verið þýtt sem upplýsingalíkon. Með notkun BIM og öðrum stafrænum verkfærum er mögulegt að hagræða og betrumbæta ýmsa verkferla, allt frá hönnunarstigi og alveg fram að rekstrarstigi.



Kristbjörg Bjarkadóttir, BIM/VDC-sérfræðingur, og Viðir Einarsson, sem vinnur við stækkun Leifstöðvar, við Hús íslenskunnar sem er eitt verkefna Ístaks.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég áttaði mig ekki á því hversu stór og fjölbreyttur hópur af starfsfólki vinnur hjá Ístaki fyrr en ég hóf störf hjá fyrirtækinu.“

Kristbjörg Bjarkadóttir

Kristbjörg Bjarkadóttir hóf störf hjá Ístaki sumarið 2019 sem gæða- og öryggisfulltrúi. Hún segir gæða- og öryggisdeild Ístaks vinna þvert á alla starfsemi Ístaks sem hafi gert henni kleift að kynna öllum innviðum Ístaks og öllum

verkefnum sem voru í framkvæmd á þeim tíma.

„Ég áttaði mig ekki á því hversu stór og fjölbreyttur hópur af starfsfólki vinnur hjá Ístaki fyrr en ég hóf störf hjá fyrirtækinu.“

Eftir heilt sumar í gæða- og öryggismálum gafst henni tækifæri til að halda áfram störfum í sömu deild þar sem hún kynntist vel BIM-upplýsingatæknideildinni sem vinnur gjarnan mjög náið með gæðadeildinni.

„Við það varð ég alveg heilluð af BIM og hversu mikið það getur skapað virði fyrir verkefni og notast við BIM. Ég ákvað því eftir heilt ár að fara í M.Sc. í BIM. Eftir námið kom ég síðan strax aftur til starfa hjá Ístaki sem BIM sérfræðingur í BIM-deildinni þar sem

ég tekst á við fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni.

Eitt það skemmtilegasta við að vinna hjá Ístaki er hversu fjölbreytt verkefni við önnumst og að sjá eitthvað fara frá þrívídd af tölvuskjám og verða að veruleika,“ segir Kristbjörg Bjarkadóttir.

Viðir Einarsson hóf störf hjá Ístaki haustið 2013, nýkominn úr mastersnámi í Svíþjóð. „Ég byrjaði í tilbodsdeild fyrirtækisins og starfaði þar við tilbodsgerð, kostnaðarútreikninga og áætlanagerð. Í gegnum tilbodsgerðina kom ég í raun að öllum verkefnum Ístaks.“

Starfið er fjölbreytt og hefur maður mikil samskipti við birgja og verktafara auk þess að hafa mikil samskipti við aðra starfsmenn Ístaks Eftir tæp sjö ár í tilbodsdeildinni fór ég að vinna „út á verki“ en ég flutti til Hornafjarðar í hálfu ári og vann þar sem verkefnastjóri við byggingu fjögurra brúa á Suður- og Suðausturlandi.

Oft kemur upp sú staða að Ístak getur boðið ævintýrafólki að vinna að verkefnum utan höfuðborgarsvæðisins og jafnvel utan landsteinanna. Þegar ég kom að austan fór ég aftur í tilbodsgerðina en stoppaði stutt við og núna í lok árs 2021 byrjaði ég að vinna við stækkun Norðurbyggingar flugstöðvarinnar. Þetta er 21 þúsundsfermetra stækkun og mjög spennandi verkefni.

En það sem mér finnst magnaðast er að sjá eitthvað sem hefst bara sem tölur á blaði í tilbodsdeildinni og verður að heljarinnar mannvirki. Það er öllu því frábæra samstarfsfólki sem maður vinnur með að þakka,“ segir Viðir Einarsson. ■



Fjölbreytt verkefni og spennandi vinnustaður

Ístak hefur verið brautryðjandi á íslenskum byggingamarkaði í yfir hálfa öld.


Með frumkvæði að vopni og framkvæmdagleði í fyrirrúmi þjónum við fjölbreyttum hópi kröfuharðra verkkaupa. Við leggjum áherslu á stöðugar umbætur, stafrænar lausnir og gott handverk. Þannig tryggjum við árangur í verki og ánægju viðskiptavina.

Við horfum stolt til baka og bjartsýn til framtíðar.



 BÅS B20
Verk og vit 2022

ÍSTAK



GLERVERK

- Fremstir í garðskálum



Víkurhvarfi 2, 203 Kópavogur | s: 555 1413 | info@glerverk.is

Mennta framúrskarandi fagfólk

Sýningarsvæði Tækniskólans vekur alltaf mikla athygli gesta á Verki og viti en skólinn hefur tekið þátt nánast frá upphafi.

starri@frettabladid.is

Tækniskólinn hefur tekið þátt í Verki og viti nánast frá upphafi og hafa sýningarsvæði skólans iðulega vakið mikla athygli gesta að sögn Ólafs Sveins Jóhannessonar, deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar Tækniskólans. „Helsta markmiðið með þátttöku Tækniskólans í sýningunni er fyrst og fremst að minna á skólann okkar, Tækniskólann, skóla atvinnulífsins.

Margt af því fólki sem er í forsvari fyrir þau fyrirtæki sem kynna á Verki og viti er fólk sem lokið hefur námi í Tækniskólanum, eða sambærilegum iðn- og tæknimenntaskólum. Við viljum mennta framúrskarandi fagfólk fyrir atvinnulífið og til þess að það sé mögulegt þurfum við að vera í góðum tengslum við atvinnulífið.“

Frábær vettvangur

Óflugur hópur frá Tækniskólanum stendur vaktina um helgina að sögn Ólafs. „Á sýningunni mun glæsilegur hópur nemenda í húsmiði standa vaktina fyrir hönd skólans og í samstarfi við BYKO og Hilti reisa nemendurnir 9 fermetra smáhýsi. Hrafnkell Marinósson,



Porkell Sigurðsson (t.v.) og Kristján Vilhelm Gunnarsson verða á sýningarsvæði Tækniskólans á Verki og viti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

kennari í húsmiði, heldur utan um hópinn sem samanstendur af fimmtán nemendum. Utan þessa hóps koma margir starfsmenn skólans að skipulagi og undirbúningi. Við vonumst til þess að gestir og fagfólk á sýningunni gefi þessu flotta verkefni gaum. Vonandi mæta foreldrar á sýninguna með börnum sínum, því þetta er frábær vettvangur til þess að sjá tækifærin sem felast í iðn- og tæknimenntun.“

Sýnileiki mikilvægur

Hann segir afar mikilvægt fyrir skóla eins og Tækniskólann að vera sýnilegur á sýningum á borð við Verk og vit.

„Slagorð Tækniskólans er „Byrjaðu hjá okkur og breyttu heiminum“ og við viljum geta staðið undir eins kröftugu slagorði. Það er því okkar mat að sýnileiki á stærstu fagsýningu byggingariðnaðarins hér á landi sé ekki aðeins mikilvægur heldur sé það

okkar hlutverk að vera sýnileg fyrir okkar helstu fagaðila.“

Nýtt og spennandi nám

Það eru alltaf einhverjar spennandi nýjungar fyrirhugaðar hjá Tækniskólanum, að sögn Ólafs. „Það er mjög gaman frá því að segja að Tækniskólinn er að byrja með nýja námsbraut í haust, sem tengist byggingariðnaðinum á stóran máta, en það er nám í jarðvirkjun. Miðað er við að námið

taki tvö ár og er almennur kjarni (íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni, iþróttir) hluti af því. Tækniskólinn hefur fest kaup á sérstökum vélaherum og vonumst við til þess að einn þeirra verði kominn til landsins og inn í kennslustofu í húsnæði skólans í Hafnarfirði, fyrir opið hús sem er dagsett 31. mars næstkomandi. Nánari upplýsingar um nýtt nám í jarðvirkjun er að finna á vefsíðu skólans, tskoli.is.“ ■



Hluti nemenda og starfsmanna Tækniskólans sem tók þátt í Verki og viti árið 2018. MYND/ADSEND

HLJÓÐVISTAR- & NÆÐISKLEFAR

Falleg hönnun & notendavæn upplifun

*Komið & prófið
hljóðvistina*


Við erum á Verk & vit
& tökum vel á móti
ykkur í bás C-13



EVAVAARA DESIGN sshhh

A4 HÚSÖGN SKEIFUNNI 17 // OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 9 - 17
WWW.A4.IS // HUSGOGN@A4.IS // SÍMI 580-0085

A4



Ráðstefnan Mannvirkjagerð á tímamótum verður haldin í dag milli kl. 14 og 16. MYND/ADSEND

Áhugaverð ráðstefna

starri@frettabladid.is

Samtök iðnaðarins (SI) standa fyrir ráðstefnu um tækifærin í vistvænni mannvirkjagerð í tilfelli af opnun stórsýningarinnar Verks og vits. Ráðstefnan ber heitið Mannvirkjagerð á tímamótum – grípum tækifærin í vistvænni uppbyggingu og stendur yfir milli klukkan 14 og 16, fimmtudaginn 24. mars.

Á ráðstefnunni verður meðal annars horft til nýrra krafna og sjónarmiða sem allir sem koma að mannvirkjagerð verða að tileinka sér. Einnig verður leitast við að svara því hvaða hindrunum þarf að ryðja úr vegi til að flýta fyrir árangri.

Fjöldi fyrirlesara úr einkageiranum og opinbera geiranum heldur erindi, þar á meðal Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, sérfræðingur á byggingarsviði Eflu og meðlimur í fagráðinu

» Á ráðstefnunni verður meðal annars horft til nýrra krafna og sjónarmiða sem allir sem koma að mannvirkjagerð verða að tileinka sér.

Betri byggingar, Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra.

Ráðstefnustjóri er Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI.

Verk og vit sýningin hefst formlega að ráðstefnunni lokinni. ■

Skráning fer fram á si.is þar sem einnig má finna nánari upplýsingar.

Hágæða öryggisbúnaður fyrir mannvirkjaiðnað

Vinnupallar ehf. bjóða upp á mikið úrval af öryggisbúnaði fyrir byggingarsvæði. Aðaláherslan er á vinnupalla og fallvarnarbúnað, en fyrirtækið er sífellt að sækja inn á ný svið og auka við breitt vöruúrvalið.

Vinnupallar ehf. bjóða upp á vandaðan öryggisbúnað fyrir mannvirkjaiðnaðinn og reka öfluga tækjaleigu. Þar er meðal annars hægt að fá hágæða vinnupalla frá Plettac, fallvarnarbúnað frá Protekt, stiga og tröppur, umferðaröryggisvörur, girðingar og göngubrautir, hitablásara, ryksugur, hita- og þurrktæki frá Biemmedue, álpalla frá Euroscaffold sem og útleigu á vörubíl. Fyrirtækið er sífellt að sækja inn á ný svið og auka við breidd sértæks vöruúrvals.

„Vinnupallar ehf. er ungt fyrirtæki í sókn sem var stofnað árið 2017 í tengslum við þörf á betri vinnupöllum og fallvarnarbúnaði fyrir byggingariðnaðinn. Fyrirtækið leigir og selur vinnupalla af öllum stærðum og gerðum, allt frá umfangsmiklum samsettum pallakerfum fyrir stórfelldar framkvæmdir yfir í einfalda, léttu hjóla-palla sem henta þegar jafnvel einstaklingar laga einn vegg í einu,“ segir Gunnar Örn Benediktsson, sölustjóri hjá Vinnupöllum.

„Við erum líka með alls kyns fallvarnarbúnað, eins og belti, taugar og tengipunkta til að tryggja aðila sem vinna hátt uppi eða í öðrum aðstæðum þar sem fallvarnarbúnaður er nauðsynlegur.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugri sókn frá stofnun og vaxið ásmegin. Vöruúrval hefur aukist jafnt og þétt og mun vaxa enn frekar á þessu ári.

Yfirlýst markmið Vinnupalla er að styðja við öryggi í mannvirkjaiðnaði með framúrskarandi vörum (ekki úrvali endilega heldur vel völdum inn eftir tilgangi), góðu verði, fræðslu um öryggi og notkun vara sem og langvarandi viðskiptasambandi. Öryggismál í mannvirkjaiðnaði á Íslandi fara síbatnandi með aukinni vitund og fræðslu,“ segir Gunnar. „Vinnupallar eru að styðja þessa jákvæðu þróun sem endranær og erum við þekkt fyrir góðar og traustar vörur sem og fræðslu sem ætlað er að tryggja öryggi fólks við framkvæmdir.“

Góð þjónusta, vörur og verð

„Það sem er sérstakt við Vinnupalla er að við höfum einstaka þjónustulund. Við leggjum áherslu á að þjónusta fólk lausnamiðað með bros á vör. Framkvæmdir eru afar sértækar og miklar áskoranir þeim tengdar.

Okkar markmið felst í vörumerkinu okkar – öruggar lausnir – og það stundum við alla daga. Að veita viðskiptavinum öruggar lausnir með jákvæðni og drifkrafti,“ segir Gunnar.

„Eigendurnir hafa unnið í tengslum við mannvirkjaiðnaðinn um árabil og eru vel meðvitund um þarfir iðnaðarins. Þannig er allt starfsfólk með puttann á púlsinum hverju sinni og stefnan er að bjóða einungis upp á þær lausnir sem nýtast markvisst fyrir öryggi í iðnaðinum.

Auk þess að bjóða upp á gæðavörur erum við líka með góð verð. Til dæmis hef ég ekki fundið ódýrari leigu á hjólapöllum en hjá okkur,“ segir Gunnar. „Við bjóðum upp á flestar vörur bæði til leigu og sölu og munum alltaf bjóða öruggar lausnir á sanngjörnu verði með langtíma viðskiptasambandi í huga. Hjá okkur snýst þetta um góða þjónustu, góða vöru og góð verð.“



Vinnupallar ehf. búa yfir öflugu teymi sem hefur það markmið að styðja við öryggi í mannvirkjaiðnaði á Íslandi.

MYNDIR/ALMA JOHANNSSON



Gunnar Örn Benediktsson, sölustjóri, og Sighvatur Ívarsson, sölumaður hjá Vinnupöllum ehf.

framvegis. Framkvæmdasvæði þurfa að vera hrein og þurr, því felur vöruúrvalið í sér ryksugur, iðnaðarsópa, þurrktæki, raka-skiljur og þess háttar.

Allar vörur eru valdar á þennan máta inn. Síðan höfum við prófað nokkrar aukavörur, þar má nefna LED-ljósavesti fyrir fólk sem þarf að vera vel sjáanlegt í skammdeginu. Vestin nutu mikilla vinsælda, enda sjást hefðbundnir glitborðar ekki nema lýst sé á þá en LED-ljósavestin sjást úr 2-3 kílómetra fjarlægð,“ segir Gunnar. „Við bætum við einni eða tveimur nýjum vörum í hvert skipti sem við kaupum frá birgja því við erum alltaf að bæta, þetta og máta úrvalið.“

Við seljum bæði til almennings sem fagfólks. Framkvæmdafólk þarf sterkar, endingargóðar gæðavörur á hagstæðu verði,“ útskýrir Gunnar. „Við erum í nánum samskiptum við okkar viðskiptavini og leitumst eftir endurgjöf á bæði vörum og þjónustu frá Vinnupöllum. Það er besta leiðin til að standa á tánum og sinna hlutverki fyrirtækisins sem best.“

Tilboð á Verki og viti og vörukynning í boði


„Á sýningunni Verk og vit ætlum við að kynna okkur, vörumerkið og úrvalið hjá okkur. Við erum ungt og öflugt fyrirtæki en viljum sýna breiddina í fyrirtækinu og hvað við erum með marga snertifleti við öryggi í mannvirkjagerð á Íslandi,“ útskýrir Gunnar. „Við munum kynna fjölda frábærra tilboða, en við vorum að taka á móti nokkrum gámum af glæsilegum, nýjum og spennandi vörum.“

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér úrvalið hjá okkur geta haft samband við okkur óháð búsetu á landinu, því nýlega réðum við sölumann sem verður á ferðinni um allt land til að kynna fyrirtækið og vörurnar okkar,“ segir Gunnar. „Fólk og fyrirtæki mega endilega hafa samband ef þau óska eftir heimsókn og vörukynningu.“ ■

Hægt er að hafa samband við Vinnupalla ehf. í gegnum vpallar@vpallar.is eða síma 787 9933. Verslunin er staðsett við Smiðsbúð 10 í Garðabæ og hún er opin alla virka daga frá 8-17. Einnig er lipur vefverslun í stöðugri vinnslu á vpallar.is.



Vinnupallar bjóða meðal annars upp á vandaðan fallvarnarbúnað frá Protekt.



Hjá Vinnupöllum er meðal annars hægt að fá hágæða vinnupalla frá Plettac af ýmsum stærðum og gerðum.



Vinnupallar er sífellt að auka við vöruúrvalið og þar er líka hægt að kaupa og leigja hitablásara, ryksugur og hita- og þurrktæki.

Síaukið úrval af vönduðum og endingargóðum vörum

„Við erum með breitt vöruúrval og viljum vera leiðandi þegar kemur að vinnupöllum og stigum. Við erum með flott úrval af stigum og tröppum fyrir allan iðnað og leggjum mikla áherslu á að selja vandaðar vörur,“ segir Gunnar. „Við bjóðum líka upp á vinnustadagirðingar og umferðaröryggisvörur og erum í sterkri sókn inn á þann markað, en umferðaröryggisvörur eru notaðar til að tryggja öryggi þeirra sem starfa við vegavinnuframkvæmdir.“

Við sinnum þessari þörf mjög vel og erum með góðar vörur og verð.

Við hugsum vöruúrval út frá framkvæmdasvæðum.

Vinnustaðir þurfa að vera öruggt rammaðir af, þess vegna bjóðum við upp á girðingar, göngubrýr, umferðaröryggismerki og svo

Óviðunandi eftirlit með réttindalausum

Samtök iðnaðarins (SI) eru meðal styrktaraðila sýningarinnar Verks og vits. Þar leggja þau áherslu á skilaboð meistarafélaga innan SI.

Undir hatti Meistaradeildar SI starfa þrettán meistarafélög í byggingar- og mannvirkjagerð. Félögin hafa undanfarin ár lagt sérstaka áherslu á að bæta fræðslu og upplýsingaflæði um mikilvægi þess að fá faglærða iðnaðarmenn í verkefni og að undirbúningur verksins skiptir sköpum. Til að miðla þessum upplýsingum áfram hefur Meistaradeild SI sett upp heimasíðuna meistarinn.is þar sem neytendur geta með einfaldri leit fundið iðnmeistara á öllu landinu.

Aðstoða neytendur við rétta ákvarðanatöku

Meistaradeild SI og Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir því að þörf sé á eftirliti með ófaglærðum sem starfa í einstökum iðngreinum. Eftirlit er haft með iðnmeisturum, byggingarstjórum og löggiltum rafverktökum, sem eru á skrá hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, en ekkert eftirlit er með þeim sem hafa í raun ekki heimild til að starfa í fögunum.

„Þetta er mjög skakkt og eflaust fáir neytendur sem gera sér grein fyrir því. Á síðunni meistarinn.is hafa meistarafélögin safnað saman hagnýtum upplýsingum og útbúið verksamninga og gátlista sem er gott fyrir eigendur fasteigna og



Jóhanna Klara Stefánsdóttir er sviðsstjóri mannvirkjasviðs hjá SI sem verða með mikilvæg skilaboð á Verki og viti. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

húsfélög að hafa til hliðsjónar við val á fagaðila. Við viljum með þessu bæta upplýsingagjöf og reyna að koma í veg fyrir tjón eða ágreining,” segir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI.

Til að hvetja neytendur enn frekar til að huga að því að fá faglærða iðnaðarmenn í minni verkefni hefur Meistaradeild SI stofnað ábyrgðarsjóð.

„Tilgangur sjóðsins er að skapa traust á milli viðskiptavina og verktaka sem starfa innan Meistaradeildar SI og tryggja viðskiptavinum félagsmanna, eins og kostur er, að vinna framkvæmd af félagsmönnum sé í samræmi við

skriflegt samkomulag um verkið og góð fagleg vinnubrögð.“

Komið í veg fyrir ágreining með betri undirbúningi

Jóhanna Klara segir of oft koma upp ágreiningsmál á milli viðskiptavina og iðnaðarmanna og þá er oft leitað til meistarafélaganna innan Samtaka iðnaðarins.

„Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að iðngreinarnar standi sig betur við undirbúning verks, en í nær öllum málum þar sem ágreiningur kemur upp hefur ekki legið fyrir svokallaður verksamningur né verklýsing. Til að fyrirbyggja ágreining er því mikilvægt að það liggi skýrt fyrir

um hvaða verk sé rætt. Því miður kemur allt of oft til ágreinings í verkum vegna skorts á verklýsingum en þá er deilt um það hvað átti nákvæmlega að framkvæma og fyrir hvaða verð.“

Jóhanna Klara segir vel hægt að fyrirbyggja þetta með góðum undirbúningi og því að gera skriflegan og skýran verksamning.

„Á meistarinn.is höfum við sett inn dæmi um verksamninga fyrir bæði minni og stærri verk, og sem eru mikið notaðir. Þeir ættu að koma að góðum notum við undirbúning verka og þar með draga úr ágreiningsmálum.“

Svört atvinnustarfsemi dregur úr samkeppnishæfni

Jóhanna Klara segir svarta atvinnustarfsemi of algenga í iðngreinum, en í skýrslu starfshóps um umfang skattaundanskota og tillögur til aðgerða frá árinu 2017 komi meðal annars fram að af málum sem komu á borð ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra hafi undanskot á tímabilinu verið hvað algengust í byggingar-iðnaði.

„Átakið „Allir vinna“ sem nú stendur yfir og er 100 prósent endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu og hönnunar við íbúðarhúsnæði, fristundahúsnæði og mannvirkja í eigu tiltekinnna félagsamtaka og sveitarfélaga, hefur þó skilað góðum árangri, bæði á síðasta ári sem og á árunum 2009 til 2015 þegar það var síðast í gangi,” upplýsir Jóhanna Klara.

Hún segir átakið hafa verið vel nýtt af neytendum sem hafi með viðhaldi og endurbótum stutt við starfsemi einyrkja og minni fyrirtækja sem starfi fyrst og fremst við viðhald fasteigna.

„Á þeim markaði eru faglærðir iðnaðarmenn oft í samkeppni við réttindalaus aðila og svarta atvinnustarfsemi en átakið dregur úr slíkum viðskiptaháttum og styður því fyrirtæki sem vinna eftir lögum og reglum.“

Jóhanna Klara bendir á að átakið „Allir vinna“ hafi verið framlengt tímabundið. Því sé nú aðeins hægt að sækja um 100 prósent endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðar- og verkamanna sem unnin er á byggingarstað við nýbyggingu, viðhald og endurbætur íbúðarhúsnæðis til og með 31. ágúst.

„Eftir 31. ágúst miðast endurgreiðslan aftur við 60 prósent, en 100 prósent endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu iðnaðar- og verkamanna, sem unnin er á byggingarstað við nýbyggingu, viðhald og endurbætur fristundahúsnæðis og húsnæði í eigu sveitarfélaga, sem og vinnu við hönnun, eftirlit og reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis, hefur einnig verið framlengt en aðeins til og með 30. júní á þessu ári,” greinir Jóhanna Klara frá. ■

Samtök iðnaðarins eru í Borgartúni 35. Sími 591 0100. Netfang: mottaka@si.is. Sjá meira á si.is



Lykill
fjármögnun

Þú veist hvað fyrirtækið þitt þarf Lykill fjármagnar

Fyrirtækið þitt nær lengra á réttu vélunum. Lykill fjármagnar ýmsar tegundir atvinnutækja, líkt og vinnuvélar, atvinnubifreiðar og fólksbifreiðar.

Kynntu þér málið á lykill.is

larson®

- áklæðningar



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:

- Eldpólnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnapól
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX
www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Það sést hvaða verk eru meistaraverk ...



Meistaradeild SI verður á Verk og vit

í Laugardalshöllinni 24.–27. mars

Meistaradeild SI verður í bás A95 á stórsýningunni Verk og vit. Við val á verktaka er mikilvægt að horfa til þess hvort um sé að ræða löggiltan iðnmeistara á viðkomandi sviði.

Þú finnur þinn meistara á meistarinn.is og á sýningunni

Hlökkum til að sjá þig!



Ár grænnar iðnbyltingar 2022





Vorið er komið í Laxdal



LAXDAL
ER Í LEIÐINI

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið
laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Hvíti hlýrabolurinn snýr aftur

Hvítur hlýrabolur eins og var í tisku um aldamótin er kominn aftur í tisku ef marka má tiskupallana þar sem hausttiskan 2022 er sýnd.

sandragudrun@frettabladid.is

Tiskan gengur svo sannarlega í hringi og reglulega dúkka aftur upp flíkur á tiskupöllum sem voru það heitasta einhverjum áratugum fyrr. Í ár er það einfaldur hvítur hlýrabolur. Eitthvað sem hefur aldrei dottið alveg út, enda þægileg grunnflík, undir skyrtur eða peysur, en þeir hafa ekki verið áberandi á tiskupöllum undanfarið, fyrr en í vor.

Fyrirsætur skórtuðu þessari tímalausu flík á sýningum Prada og Bottega Veneta á tiskuvíkunni í Milanó í lok febrúar auk þess sem fjöldi gesta á hátiskusýningum hefur sést í hvítum hlýraból. Á sýningu Bottega Veneta í Milanó sást hvíti bolurinn paraður saman við leðurbuxur sem voru látnar líta út fyrir að vera gallabuxur, við mini pils og við kvartbuxur, lágar í mittið. Á sýningu Prada var hvíti hlýrabolurinn prýddur þríhyrnu merki, tákni ítalska tiskurísans.

Hvíti hlýrabolurinn var líka áberandi á tiskuvíkunni í París í upphafi mánaðarins. Acne Studio og Sacai pörðu hann saman við

» Hvíti hlýrabolurinn var áberandi á tiskuvíkunum í París og Milanó.

falleg pils og á sýningu Chloé klæddust fyrirsæturnar hvíta hlýrabolnum við litríkar leðurbuxur.

Aldamótin komin í tisku
Það virðist sem aldamótiskan sé að ryðja sér til rúms aftur. Á þessum tíma stjórnaðist meginstraumstiskan að miklu leyti af helstu poppstjörnum þess tíma eins og Destiny's Child, Britney Spears, Christina Aguilera, Missy Elliot og Paris Hilton. Á þessum tíma voru hlýrabolir vinsæl flík bæði spari og hversdags og því lægra sem buxurnar náðu upp í mittið því betra.


Einn ótvíræður kostur þess að hvíti hlýrabolurinn er að koma aftur í tisku er sá að þetta er til-
tölulega ódýr flík ef fólk er ekki að velta merkinu mikið fyrir sér. Oft er hægt að fá nokkra saman í pakka í nærfatadeildum stórverslana fyrir lítinn pening. Það gerist varla einfaldara að eignast hátiskufatnað. ■




Á sýningu Chloé á tiskuvíkunni í París mátti sjá fyrirsætur í hvítum hlýraból.



Götutiskan á tiskuvíkunni í París. Hvítur hlýrabolur og gallabuxur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fyrirsæta í hvítum hlýraból á sýningu Prada á tiskuvíkunni í Milanó í febrúar.



Fyrirsæta í hvítum hlýraból á sýningu Acne Studio í París.



Hvítur hlýrabolur paraður við rauðbrúna leðurbuxur á sýningu Chloé í París.



Hvítir hlýrabolir voru vinsælir um aldamótin. Hér er Britney Spears í hlýraból undir peysu.



PRESSAN

PRESSAN

FIMMTUDAGA KL. 20.00

OG AFTUR KL. 22.00

Nýr og hraður þáttur um helstu fréttamál líðandi stundar, í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar.



HRINGBRAUT

KEEN GÖNGUSKÓR OG SANDALAR



Mýkt og þægindi við ökkla
Lykkja að aftanverðu auðveldar þér að fara í skóinn

Endurskin
Góður stuðningur við hæl

KEEN.Dry vatnsheld filma sem að andar

Ytri sóli: gúmmí með gott grip (all terrain)

Fjölátta grip á sóla, gott grip

4 mm munstursdýpt á sóla

Targhee Mid ♂

28.990 kr.

Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað

Góð vörn á tá
EVA dual-density innlegg sem hægt er að fjarlægja

Stingum af...



Targhee Mid ♀
Uppháir gönguskór
28.990 kr.



Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



Venice ♀
Lokað hælband og tá
16.990 kr.



Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá
17.990 kr.



Newport ♂
Gott grip, lokuð tá
20.990 kr.



Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá
18.990 kr.



Targhee WP ♂ ♀
Lágir gönguskór
25.990 kr.



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smíðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagar 11-15

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP

Bílasala



GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177P!!!

NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr í ábyrgð!!! 100% rafmagn. Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 90% láni. FLEIRI LITIR Í BODI! VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120652 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c. S:888-3715.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is



Hyundai i40 10/2012 ekinn aðeins 122 þús. km. Mjög heill rúmgóður station bíll. Álfelgur. LED ljós. Ofi. Þessi lítur út fyrir að kosta meira en aðeins 1.290.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING

á Hringbraut

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RÚNARMÚRARI EHF

S 774-3800

HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN

FLÍSALAGNIR o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu

https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

Dyrasímakerfi 777 4944
Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur



Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Eldisstöð á Röndinni á Kópaskeri, Norðurþingi

Rífós hf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrirhugaðrar eldisstöðvar á Röndinni á Kópaskeri, Norðurþingi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík frá **24. mars - 11. maí 2022**. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **11. maí 2022** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Ferðaðjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætavíðgerðir-, mótorkjóra og snjóslæðasæti. Húsbíllaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR **EFTIR** **Formbólstrun**
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

icebreaker

Move to natural

Icebreaker Merino ull.
Fyrir alla þá sem vilja
hlýjan ullarfatnað sem
stingur ekki og dregur
ekki í sig lykt.



Oasis Síðerma
14.990 kr.



Oasis Hálfrennd
15.990 kr.



Sonebula Hár kragi
15.990 kr.



Everyday Leggings
12.990 kr.



Everyday Síðerma
12.990 kr.



Flexi Chute
Hlýir hálskragar
4.990 kr.



Tech Lite II
Stuttermabolur
12.990 kr.



Sphere II
Stuttermabolur
11.990 kr.



Siren Tank
Hlýrabolur
8.390 kr.



Hike+Light
Sokkar
3.990 kr.



Barna leggings 🐾
Verð frá 8.590 kr.



Barna bolur 🐾
Verð frá 8.590 kr.



Fastray High Rise
Leggings
16.590 kr.



Sierra
Hanskar
6.690 kr.



Yanni
Kjóll
13.990 kr.



Zoneknit Bra Tank
Toppur
12.990 kr.



Sprite Racerback
Toppur
8.490 kr.



Sprite Hot Pants
Nærbuxur
6.990 kr.



Anatomica Cool-Lite Boxers
Nærbuxur
6.590 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Erna Sigurþóra Kristinsdóttir

Erluási 54, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði í faðmi fjölskyldunnar, sunnudaginn 13. mars sl. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 29. mars kl. 15.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sólvangs, Hafnarfirði, fyrir hlýja og góða umönnun.

Guðmundur L. Jóhannesson
Sólveig Jóhanna Guðmundsd. S. Hjörtur Guðjónsson
Kristín Þórunn Guðmundsdóttir
Valdís Björk Guðmundsdóttir Guðlaugur Jóhannsson og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Róslín Erla Tómasdóttir

Drangshlíð 1, Akureyri,

lést 9. mars í faðmi fjölskyldunnar á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð og kunnum við starfsfólki þar sérstakar þakkir fyrir hlýju og góða umönnun í veikindum hennar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sævar Sigurpálsson
Heiða Björk Sævarsdóttir
Halldóra Björg Sævarsdóttir Björn Grønvald Júlíusson
Tómas Páll Sævarsson Hrafnhildur S. Sigurgeirsd. ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Benedikt Bjarnarson Júlíusson

húsasmiðameistari,

lést á Landspítalanum í Reykjavík, þriðjudaginn 8. mars.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigríður Fanney Guðnadóttir
Fjöla B. Benediktsdóttir Hörður Grimsson
Sigríður Júlía B. Benediktsd. Ríkharður Bergs Rúnarsson
Júlíus B. Benediktsson Hafðís Sigurðardóttir
Pálína Guðný Emilsdóttir Guðlaugur F. Sigmundsson
Kristín Aðalheiður Emilsd. Gregers Gram
Margrét Sigríðardóttir Helgi Pétur Guðjónsson barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Ólafsdóttir

til heimilis að Hrafnistu Laugarási, áður Efstasundi 58, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. mars. Útförin fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 28. mars klukkan 13. Aðstandendur þakka starfsfólki Hrafnistu fyrir umhyggju og hlýhug.

Jóhann Jakobsson
Þórlaug Ragnarsdóttir Þorvarður Gunnarsson
Kristín Ragnarsdóttir Lárus Kristinn Jónsson
Garðar Örn, Gissur Páll, Gunnar, Ragnar, Jóhann, Sverrir, Unnur, Karen og Andrea Kristín, og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þormóður Ásvaldsson

Ökrum, Reykjadal,

lést á dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík þann 16. mars.

Útförin fer fram frá Einarstaðakirkju laugardaginn 26. mars kl. 11. Athöfninni verður streymt á slóðinni: twitch.tv/hljodveridbruar. Aðstandendur þakka starfsfólki á Hvammi umhyggju og hlýhug.

Þórveig Kristín Þormóðsdóttir
Ásvaldur Ævar Þormóðsson Laufey Skúladóttir
Jón Sigurður Þormóðsson
Sigríður Sólveig Þormóðsdóttir
Svala Guðrún Þormóðsdóttir Baldur Þorgilsson
Jörgen Heiðar Þormóðsson Gerður Ólafsdóttir
Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir Jóhann Sigmarsson barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.



Bryndis er lítið afmælisbarn en slær ekki hendinni á móti kaffi í rúmið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frá skjánum í skógfræðina

Þjóðfræðingurinn og rithöfundurinn Bryndis Björgvinsdóttir fagnar fertugsafmæli í dag. Hún sér fram á einfaldan afmælisdag og græna áratugi fram undan.

vonandi kaka og svo fer ég með strákinn minn á sundnámskeið. Þetta verður frekar venjulegur dagur.“

Brúsi í stað bolla

Bryndis segist, orðin fertug, vera farin að huga að seinni kaflanum í lífinu.

„Þetta er kannski sá viðburður þegar maður er sirka hálfnaður með lífið svo ég er mikið búin að hugsa hvað mig langar að gera næstu áratuginu,“ segir Bryndis. „Ég skráði mig í nám við Landbúnaðarháskólann þar sem ég hef verið að læra um skógrækt, umhverfismál og annað.“

Þegar Bryndis var tvítug segist hún hafa helst viljað vinna fyrir framan tölvu þar sem hún gæti unað sér fyrir framan spjallrásirnar með kaffibolla. Nú sé markmiðið frekar að komast út í náttúruna að vinna eitthvað með höndunum með kaffibrúsa í seilingarfjarlægð.



Sumir fóru að þrjóna en ég var ein af þeim sem fengu garðyrkjudellu.

„Langanirnar hafa breyst mikið á síðustu tuttugu árum en þetta er eitthvað sem ég held að margir tengi við,“ segir hún um nýtilkominn gróðuráhugann. „Í byrjun Covid-faraldursins fengu margir alls konar dellur. Sumir fóru að þrjóna en ég var ein af þeim sem fengu garðyrkjudellu. Þegar það mátti ekki fara á samkomur fór ég að sanka að mér plöntum, sinna garðinum og spjalla við ókunnuga yfir garðvegginn, sem varð kannski kveikjan að skógfræðináminu.“ ■

arnartomas@frettabladid.is

„Þetta er fagnaðarefni enda verður maður að vera kátur með að eldast. Vonandi heldur það eitthvað áfram!“ segir rithöfundurinn og þjóðfræðingurinn Bryndis Björgvinsdóttir hlæjandi um fertugsafmælið.

Hún er að eigin sögn lítið afmælisbarn og á sér engar afmælisheðir nema þá að fá kaffi í rúmið.

„Mér finnst leiðinlegt að vera miðpunkturinn því þá finnst mér ég svo ábyrg fyrir að öðrum líði vel. Ég er meira fyrir að samgledjast með öðrum,“ segir hún. „Ég ætla í vinnuna þar sem verður



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Matthíasson

frá Arnardal, Skutulsfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði, mánudaginn 14. mars, verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 26. mars, kl. 14.00. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu Viðburðastofu Vestfjarða.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

Garðar Karlsson

Mánabraut 15, Þorlákshöfn,


lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 15. mars.

Útförin fer fram frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn, þriðjudaginn 29. mars kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á körfuknattleiksdeild Pórs Þorlákshafnar, kt. 680312-0950, reikn. 0152-15-200073.

Sigurður Garðarsson
Þorsteinn Garðarsson
Emma Katrín Garðarsdóttir
Ásdís Garðarsdóttir
Sigríður Garðarsdóttir
Kristinn Karl Garðarsson og fjölskyldur.

Erla Gunnarsdóttir
Birna Guðjónsdóttir
Hermann G. Jónsson
Jóhannes G. Brynleifsson
Þóra Skúladóttir



Okkar kæri

Kristján Karl Sigmundsson

Suðurhólum 16,

lést mánudaginn 7. mars.

Systkini, vinir og vandamenn.



Okkar ástkæri

Guðmundur Kristinsson

rithöfundur

og fyrrverandi aðalféhirðir

Landsbanka Íslands á Selfossi,

Bankavegi 2, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fosshéimur föstudaginn 18. mars. Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigfús Kristinsson



Ástkær faðir okkar, bróðir, fósturfaðir og afi,

Kristján Albert Guðmundsson

kennari,

frá Látrum í Aðalvík,

lést á Hrafnistu Reykjavík mánudaginn 14. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 30. mars klukkan 13.

Halldór Kristjánsson
Finnur Eðvarð Kristjánsson
Ingibjörg Sólrún Guðmundsdóttir
Friðrik Baldursson Njála Laufdal barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Miklu meira en bara ódýrt



VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl

frá 3.995



Viðgerðar-kollur

9.995



Jeppatjakkur 2.25T

19.999



Viðgerðarbretti

9.995



Vélagálgi 2T

44.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku

4.795



Mikið úrval af bensínbrúsum



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle

6.985



4.995

Skrall-lyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



AirBrush loftdæla

19.995



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél



Bón og bílavörur í miklu úrvali



Verðmæta-skápar

frá 4.995



2xLED kastari á standi

9.999



Lyklabox í miklu úrvali



Verkfærasett

4.995



Barnaverkfærasett

2.985



Lím-byssur

frá 995



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995

Flísa sög 80mm

Stigar og tröppur í úrvali



Fjolsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



Súluborvél 350W

24.995



Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm

9.999



Metabo KS216 bútsög

19.995



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Mannamál - Halldór Bragason Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga.
- 19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétt Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2009-2010 Fljótsdalshérað - Garðabær
- 14.25 Tilraunin - Fyrri hluti
- 15.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
- 16.30 Sögur af handverki
- 16.40 Siglufjörður - saga bæjar
- 17.30 Landinn
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Óargadýr
- 18.29 Lúkas í mörgum myndum
- 18.36 Tryllitæki
- 18.43 KrakkaRÚV - Tónlist Tveir kettir - Bryndis Jakobsdóttir og Teitur Magnússon.
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Lag dagsins KK og Júníus Meyvant - Skýjaglópur.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Okkar á milli
- 20.40 Samstöðutónleikar með Úkraínu Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur sérstaka samstöðutónleika með úkraínsku þjóðinni. Á tónleikunum hljóma meistara- verk eftir þrjú dæðustu tónskáld sögunnar, Mozart, Beethoven og Bach, ásamt verki eftir úkraínska tónskáldið Valentin Silverstrov.
- 21.25 Húsið okkar á Sikiley Husdrömmar på Sicilien
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
- 23.00 Babýlon Berlin Babylon Berlin
- 23.50 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Black-ish
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Single Parents
- 19.40 Kenan
- 20.10 MakeUp
- 20.45 Morð í norðri
- 21.25 9-1-1
- 22.15 NCIS. Hawaii
- 23.00 In the Dark Bandarísk þáttaröð um unga, blinda konu sem heldur að vinur hennar hafi verið myrtur en enginn trúir henni.
- 23.45 The Late Late Show
- 00.30 Berlin Station
- 01.25 Law and Order. Special Victims Unit
- 02.10 Billions
- 03.10 Godfather of Harlem

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Shrii
- 09.50 Í eldhúsi Evu
- 10.20 Mom
- 10.40 The Mentalist
- 11.20 The Mentalist
- 12.05 Tveir á teini Frábærir grillþættir þar sem Pétur og Sveppi grilla kræsingar fyrir nafntogaða gesti.
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 Suits
- 13.40 Fresh off the Boat
- 14.00 Shipwrecked
- 14.45 Hell's Kitchen
- 15.25 The Great British Bake Off
- 16.25 Wipeout
- 17.05 Eldhúsið hans Eypórs
- 17.30 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 Jón Arnór
- 20.20 MacGruber
- 20.45 NCIS
- 21.30 The Blacklist
- 22.15 Real Time With Bill Maher
- 23.15 Coroner
- 23.55 Killing Eve
- 00.45 Dröm
- 01.10 Fires
- 02.05 Leonardo
- 02.55 The O.C.
- 03.40 Shrii
- 04.00 Suits

Blúsarinn Dóri Braga í Mannamáli kvöldsins

Tæpitungan verður hvergi nærri í viðtalsþættinum Mannamál á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í kvöld, en gestur Sigmundur Ernir að þessu sinni er Halldór Bragason, betur þekktur sem Dóri blúsarí, en hann er á meðal helstu tónlistarmanna þjóðarinnar og kann eina sögu eða tvær af blúslífi landsmanna.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 fold
- 5 hnúpl
- 6 ákefð
- 8 hafna
- 10 tónn
- 11 ágæt
- 12 strengur
- 13 álit
- 15 skip
- 17 snuða

LÓÐRÉTT

- 1 rannsaka
- 2 rangla
- 3 þangað til
- 4 kvk nafn
- 7 þúns
- 9 hindrar
- 12 frásögn
- 14 þrá
- 16 tveir eins

LÓÐRÉTT: 1 grafast, 2 ráfa, 3 uns, 4 dalía, 7 fin, 12 stæg, 13 svar, 15 togarí, 17 narra. LÁRÉTT: 1 grunn, 5 rán, 6 as, 8 afsala, 10 fa, 11 sangrí, 9 aftar, 12 saga, 14 von, 16 rr.


Sudoku

8	3							
		5	4	3	7	1	2	
			5		9			3
				5	8	3	7	
9	8			6				
2		7	9					
		1					6	4
	2				5	8		
6				1	7			

		5						6
							4	1
			4		9			
	1	3		8	5			7
				7		2		
6			9	2				3
3		1	5	9				
	9		7		6	3		2
			8			5		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL.19.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.



HRINGBRAUT



Litadýröin í hrauninu suðaustan stóra gígsins í Geldingadölum er engu lík og minnir á olíumálverk eftir Kjarval.

MYNDIR/TC

Labbað um í litaspjaldi



Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi



Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Um nýliðna helgi var ár liðið síðan eldgosíð í Geldingadölum hófst. Þetta voru merk tímamót því fram að því hafði ekki gosíð á Reykjaneskaga í næstum 800 ár. Í sex mánuði samfelld rann hraun úr gígnum en þremur mánuðum síðar var opinberlega lýst yfir goslokum. Enn er þó ekki hægt að útiloka að þessi yngsta eldstöð landsins vakni aftur til lífsins, jafnvel í náninni framtíð. Eldgosíð í Geldingadölum verður seint sakað um leti. Hraunrennsli hélst lengst af í kringum 5-13 m³/s sem jafnast á við eina til þrjár Elliðaár. Hraunið var 150.000 m³ að rúmmáli og þekur tæplega 5 ferkílómetra svæði, en næst gígnum er þykkt þess 70 metrar og glóandi hraun enn talið leynast neðst. Hringlaga gígurinn teygir sig 40 metra yfir umhverfið og nær 315 metra hæð, sem er lítið eitt lægra en nálægur Stóri-Hrútur (351 m). Úr fjarlægð minnir glænýtt eldfjallið óneitanlega á dyngju eins og Skjaldbreið og Trölladyngju. Dökkrauð gígskálin er listasmíð og hana prýða snarbrattir litríkir gígbarmar. Hraunið sem rann frá henni er hins vegar biksvart og má sjá í því bæði úfið apalhraun og sléttara helluhraun með snotrum hraunreipum. Það eru hins vegar ljósgul svæði í hrauninu sem stela athyglinni, sérstaklega næst gígnum og í hlíðum hans. Þetta eru brennisteinsútfellingar sem mynduðust þegar gas frá fljótandi hrauni lak í gegnum sprungur á þaki annars lokaðra hrauntjarna. Brúnum og rauðum lit bregður einnig fyrir og minnir umhverfið helst á framandi plánetu, eða öllu heldur litaspjald listmálara séð úr lofti.

Það er auðvelt að komast að hraunbreiðunum í Geldingadölum, til dæmis eftir leið A eða C á göngukorti sem Ferðafélag Íslands hefur gefið út (fi.is). Ganga á hrauninu getur hins vegar verið varasöm, ekki síst þegar komið er næst gígnum sem er torkleifur, og aðeins fyrir vant göngufólk. Viða leynast holrými undir yfirborði hraunsins og auðvelt að hrufla sig á oddhvössu hrauninu. Auk þess rýkur enn úr hrauninu og gígnum og því mikilvægt að leggja ekki út á hraunið í logni og forðast lægðir þar sem gös geta safnast fyrir. Loks er brynt að skemma ekki viðkvæmar útfellingar og hraunmyndanir þannig að sem flestir fái notið þeirra. Spurningin er hvort ekki þurfi þegar að ráðast í að merkja gönguleiðir um hraunið og að gígnum, bæði til að tryggja öryggi göngufólks en ekki síður til að varðveita þessi listaverk náttúrunnar sem eru viðkvæm fyrir átroðningi. ■



Litirnir í hrauninu minna á abstrakt listaverk.



Barmar stóra gígsins eru sömuleiðis litríkir og mikið fyrir augað, en lausir í sér og því varasamir yfirferðar.

Vonin um bjartari framtíð á tónleikum

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar
Verk eftir Missy Mazzoli, Svein Lúðvík Björnsson og Önnu Þorvaldsdóttur
Stjórnandi: Daniel Bjarnason
Norðurljósum í Hörpu
föstudaginn 11. mars

Jónas Sen



Anna Þorvaldsdóttir tónskáld.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aron Copeland sagði einu sinni að það að hlusta á fimmtu sinfóníuna eftir Ralph Vaughan Williams væri eins og að stara á belju í 45 mínútur.

Verkin á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum 11. mars voru miklu áhugaverðari. Þau voru engar beljur á beit, heldur einkenndust af spennandi framvindu, kræsilegum hljóðum og mögnuðum hljóðfærasamsetningum.

Hið fyrsta var Sinfonia (for Orbiting Spheres) eftir Missy Mazzoli. Það er hugleiðing um sólkerfið, um plánetur sem hringsnúast um sjálfar sig og um sólina. Á sama hátt fara ólíkir hljóðfærahópar hring eftir hring, og heildarmyndin snýst líka. Tónlistin er þó ekki bara einhver endurtekning, heldur vex ásmegin með kraftmikilli stígandi.

Nálægð við hljómsveitina

Verkið var flutt í Eldborginni í Hörpu fyrir ekki löngu síðan, og kom þá satt best að segja ekkert sérstaklega vel út. Það virkaði fremur flatt og litlaust. Hér voru tónleikarnir hins vegar haldnir í Norðurljósa-salnum sem bauð upp á miklu meiri nálægð við hljómsveitina. Fyrir vikið heyrðust smáatriðin betur, og tónlistin virkaði mun hnitmiðaðri; það gerðist meira í henni.

Daniel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni ákaflega vel. Hljóðfæraleikurinn var nákvæmur og agaður, en samt gæddur víðeigandi krafti. Heildarhljómurinn var völdugur og þéttur. Hvergi var dauður punktur í tónlistinni.

Næst á dagskrá var tónsmíð eftir Svein Lúðvík Björnsson sem nefndist Glerhjallar. Hún var tileinkuð minningu Atla Heimis Sveinssonar, sem var kennari Sveins.

Fyrir mjög löngu síðan birtist háðsglósá um Atla í Pressunni – sem eitt sinn var, um að ef Atli myndi láta út úr sér um fyrirhugaða tónleika Iron Maiden í Laugardalshöllinni að þar væru á ferðinni áhugaverðir tón-

listarmenn, þá myndi hann tryggja að enginn kæmi á tónleikana. Svona var staðan á nútímatónlist fyrir 30 árum síðan; fáir sýndu henni nokkra athygli. Þetta hefur sem betur fer breyst og núna var ágætis mæting, þrátt fyrir framúrstefnulega dagskrá.

Hrifandi skáldskapur

Verk Sveins kom afskaplega vel út. Það einkenndist af hvössum, háværum tónum (einmitt í stíl Atla Heimis) sem svo umbreyttust í eitt-hvað annað; önnur blæbrigði, aðrar hljómasamsetningar sem komu sífellt á óvart. Umgjörð tónlistarinnar var fremur höfsöm, þar voru engar melódíur, aðeins áferð og blæbrigði. Engu að síður var skáldskapurinn hrifandi og hljómsveitin kom honum prýðilega til skila.

Síðasta tónsmíðin var Catamorphosis eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Nafnið er myndað úr tveimur orðum, catastrophe eða katastrofu og metamorphosis, þ.e. umbreytingu. Innblásturinn mun vera gjörmynding mannkyns ef ekkert verður gert í umhverfismálum, og vonin um að horfur muni breytast til batnaðar.

Tónlistin var heillandi. Hún byrjaði á hálfgerðri ringulreið, á sársaukafullum hljóðum sem líkt og misstu fókúsin í hvívetna. Smám saman birtu þó til og það var ákaflega fagurt. Hljómarnir voru ekki af þessum heimi, stefbrot og hendingar voru heillandi, magnþrungin undiraldna skapaðist sem var alveg einstök. Útkoman var höfugur tónaseiður sem lengi verður í minnum hafður. ■

NIÐURSTADA: Þrjú glæsileg verk vöktu mikla ánægju.



Listræn umgjörð Manndýra er framúrskarandi, segir leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins.

MYND/ADSEND

Stóri hvellur og litla fólkið

LEIKHÚS

Manndýr

Tjarnarbið í samstarfi við MurMur Productions
Sviðshöfundur, listræn stjórnandi og flytjandi: Aude Busson
Leikmynd, búningar og sviðshöfundur: Sigríður Sunna Reynisdóttir
Tónlist og hljóðmynd: Björn Kristjánsson (Borko)
Heimspækikennari: Marion Herrera
Leikmyndagerð: Steinunn Marta Önnudóttir
Búningagerð: Ólöf Ágústína Stefánsdóttir
Lýsingarhönnun: Kjartan Darri Kristjánsson
Framkvæmdastjórn: Ingibjörg Huld Haraldsdóttir og Renaud Durville
Raddir barnanna: Nemendur í Landakotskóla

Sigríður Jónsdóttir

Af hverju er maðurinn til? Af hverju eru börn til? Hver er munurinn á mönnum og dýrum? Hvert erum við að fara? Til hvers notum við peninga? Hvað er samfélag? Manndýr er þátttökuleikhús fyrir leikhúsgesti á öllum aldri og var ein af leiksviðunum sem var stöðugt frestað sökum faraldursins. Í millitíðinni var sýningin sýnd í skólum en komst loksins á svið Tjarnarbið um síðastliðna helgi.

Mikilvægt að börn fái að taka þátt í leikhúsi á sínum eigin forsendum

og að hlustað sé á þeirra raddir. Börn eru vitsmunaverur sem hafa sterkar skoðanir, alls konar hugmyndir um lífið og af þeim sökum skal ekki tala niður til þeirra. Manndýr teygir sig nánast alla leiðina aftur í Stóra hvell og rannsakar í orðum, gjörðum og hreyfingum hvernig þróun heimsins og mannfólksins átti sér stað. Risastórar hugmyndir fyrir lítið leiksvið enda er ekki á hverjum degi sem hlutverk heimspækikennara er skráð í leikskrá en því sinnir Marion Herrera hér.

Notaleg samverustund

Enginn eiginlegur höfundur er skráður fyrir Manndýrum heldur má ætla að sýningin hafi verið samin af hópnum. Listræn stjórnandi og flytjandi er Aude Busson sem hefur unnið mikið með börnum í gegnum tíðina og kann svo sannarlega að láta þeim líða vel í leikhúsinu. Hún nær augnsambandi við gestina, dregur athyglina til sín með flæðandi hreyfingum og laumar litlum verkefnum til hópsins með fáum orðum. Úr verður notaleg samverustund sem leynir á sér og má svo sannarlega mæla með.

Björn Kristjánsson, kannski betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Borko, sér um tónlist og hljóðmynd. Tónlistin fellur vel að sýningunni, óþýð og stílhrein, og undirstrikar hversu fjölhæfur tónlistarmaður hann er. Í byrjun verksins fá áhorfendur nokkur augnablik til að heyra raddir nemenda úr Landakotsskóla þar sem þeir svara á skeleggan máta spurningunum sem settar voru fram í byrjun þessa pistils. Raddir

barnanna eru síðan rauði þráðurinn í sýningunni en þær tynast örlítið eftir því sem verkefnið verða stærri.

Framúrskarandi umgjörð

Listræn umgjörð Manndýra er framúrskarandi. Sigríður Sunna Reynisdóttir hefur verið meira og meira áberandi síðustu ár, en hún sá einnig um leikmynd og búninga í Ástu fyrr á þessu leikári. Henni tekst að skapa hlýjan og sýbreytilegan heim á leiksviði Tjarnarbiðs, sem er mjög krefjandi svið þar sem hátt er til lofts og svart liturinn stundum yfirþyrmandi. Í stað þess sitja áhorfendur í kringum fjölskrúðugt tré sem geymir marga leyndardóma. Þær Steinunn Marta Önnudóttir sem sér um leikmynda-gerð og Ólöf Ágústína Stefánsdóttir sem sér um búningagerð sjá til þess að hönnunin komist til skila á eftirminnilegan máta.

Manndýr er á mörkum þess að vera leikverk, innsetning og lista-smíðja eins og segir í leikskrá. Áhorfendur fá tækifæri til að taka sér hvíld frá amstri dagsins, hugsa um samhengi hlutanna og búa til eitthvað fallett saman. Margt smátt gerir nefnilega eitt stórt og samvinna er lyklatríði í samfélagi ólíkra einstaklinga. Börn feta sig áfram í lífinu með aðstoð full-orðinna og fyrirmynda en þau eru líka dugleg að minna okkur eldri á það sem skiptir máli. Ábyrgðin er okkar allra, stórra og smárra manndýra. ■

NIÐURSTADA: Blíð og ljúf leiksvið um risastórar hugmyndir.

Afmælistónleikar Kammerkórsins

kolbrun@frettabladid.is

Tuttugu ára afmælistónleikar Kammerkórs Reykjavíkur verða sunnudaginn 27. mars kl. 16.00.

Gestasöngvarar eru Gissur Páll Gissurarson tenór, Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran og Ragnar Árni Sigurðarson tenór.

Gestakórar sem koma fram eru Söngfjlagið, stjórnandi Hilmar Örn Agnarsson, Kór Laugarneskirkju, stjórnandi Elisabet Þórðardóttir, Kammerkór Seltjarnarneskirkju, stjórnandi Friðrik Vignir Stefánsson og ÁR kórinn, stjórnandi Hildigunnur Einarsdóttir.

Einsöngvarar kóranna eru Kristín R. Sigurðardóttir, Ragnhildur Þórhallsdóttir, Axel Kristinsson, Smári Vífilsson, Þorsteinn Freyr Sigurðsson, Ingunn Sigurðardóttir, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurlaug Arnardóttir.



Kammerkór Reykjavíkur heldur upp á 20 ára afmæli.

MYND/ADSEND



Tónleikarnir eru tileinkaðir Úkraínu.

Blokkflautuleikari er Helgi Bjarnason, pianóleikari Jón Sigurðsson og orgelleikari Elísabet Þórðardóttir.

Tónleikarnir eru tileinkaðir Úkraínu. ■

HVÍTANES Merino peysa
Kr. 13.990.-

HVÍTANES Merínó ennissband
Kr. 2.990.-

SÓLA zip-off göngubuxur
Kr. 17.990.-

RUMUR flannel skyrta
Kr. 9.990.-

HVÍTANES Merínó hálsklutur
Kr. 4.990.-

SANDEY Flíshanskar
Kr. 2.990.-

RÖKKVI göngubuxur
Kr. 11.990.-

FUNI dónúþpa
Kr. 33.990.-

HVÍTANES merino buxur
Kr. 11.990.-

BRIMNES meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-

Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is

Þín útivist - þín ánægja

ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN • LAUGAVEGUR 91 • SMÁRALIND



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Uppsetning á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar



VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sæti
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLOMPUM

Fást einnig í:
Beta Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn



Það er eðlilegt að vera hræddur

Í kvöld heldur Kraftur kröftuga strákastund á Kexi. Til máls taka karlar sem hafa glímt við krabbamein sjálfir og sem aðstandendur. Einn þeirra sem taka til máls greindist með krabbamein í nóvember og fór sama kvöld á svona strákakvöld með syni sínum.

margret@frettabladid.is

Róbert Jóhannsson fréttamaður greindist með krabbamein í endaparmi í nóvember í fyrra. Valdimar sonur hans hefur rætt opinskátt um sína upplifun af veikindum föður síns í hlaðvarpsþættinum Að eiga mömmu eða pabba með krabba á KrakkaRÚV, og fengið mikið lof fyrir.

„Ég ætla að tala um það hvernig það er að koma svona fréttum áleiðis til fjölskyldunnar. Ég sagði mínum börnum frá krabbameininu öllum í einu, en þau eru á bilinu níu til tuttugu og þriggja ára, svo eðlilega voru viðbrögð þeirra alls konar. Samskiptin okkar eftir þetta, með einu og einu barni í senn, eru svo mjög ólík.“

Höfðu gott af strákastundinni

Kvöldið sem Róbert komst að því að hann væri með krabbamein fór hann einmitt á svona strákakvöld með elsta syni sínum, í nóvember. „Við höfðum afskaplega gott af því báðir. Það var mikil hjálp í því að heyra að þessar tilfinningar séu eðlilegar, það er eðlilegt að vera hræddur. Það var svo gott að heyra fólk tala um þetta á opinskáan hátt.“

Það eru ekki bara samskiptin við börnin sem koma fram í erindi Róberts, hann mun líka tala um samskiptin við maka sinn. „Við höfum alltaf átt auðvelt með samskipti. Það er kannski ljótt eða skrýtið að orða það svona, en við erum svo „heppin“ að hún hefur glímt við langvarandi veikindi, svo við höfum alveg dilað við svona stórar fréttir saman áður. Skilningurinn er mikill og svona



hefur verið eðlilegt lengi hérna heima.“

Kergja og reiði hluti af ferðinni

Róbert nefnir einnig að það sé svo gott að tala um þetta sérstaklega þar sem það sjáist ekki utan á fólki að það sé með krabbamein. Samupplifunin sé mikilvæg.

Pétur Helgason og Hilmir Snær Guðnason taka einnig til máls og tala um reynslu sína sem aðstandendur. Kona Péturs greindist með brjóstakrabbamein og hélt Pétur fyrst að hann myndi geta græjað allt saman og staðið vaktina, en svo fóru að

koma upp óþægilegar tilfinningar, kergja og reiði. Pétur mun ræða opinskátt um tilfinningaferðalagið.

Hilmir Snær hefur misst tvær systur úr krabbameini á síðustu fjórum árum. Hann mun ræða um reynslu sína en síðustu ár hafi verið fjölskyldunni erfið. Veikindin, missirinn og sorgin hafi skapað mikið álag og hann talar um hvernig fjölskyldan er að vinna sig í gegnum reynsluna.

Í lok stundarinnar mun Jónas Sig taka nokkur lög. Mælt er til þess að fólk skrái sig á viðburðinn á heimasíðu Krafts – kraftur.org. ■



Ég sagði mínum börnum frá krabbameininu öllum í einu, en þau eru á bilinu níu til tuttugu og þriggja ára, svo eðlilega voru viðbrögð þeirra alls konar.

Róbert Jóhannsson fréttamaður greindist með krabbamein í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Sjáumst á fjöllum

SUMARLEYFISFERÐIR FÍ
www.fi.is

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533



Ágústa Ágústsdóttir, einn viðmælenda þáttanna Sögur sem breyta heiminum.
MYND/PORSTEINN J.

Þorsteinn J. segir sögur af fólki

ninarichter@frettabladid.is

Fjölmiðlamaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson segir óstöðvandi áhuga á sögum fólks vera kveikjuna að þáttunum Sögur sem breyta heiminum sem frumsýndir voru á dögunum. „Maður heyrir sögur allt í kringum sig. Ef maður er nógu duglegur að spyrja: Hvað gerðist? þá fær maður sögu. Mig langaði að búa til portrett af fólki bæði með ljósmyndun og í stúdíói og líka með senu þar sem það er í sínu umhverfi.“


Í þáttunum er rætt við Tino Nardini veitingamann, Ágústu Ágústsdóttur bónda, Karen Evu

Harðardóttur matreiðslumann á Apótekinu og hönnuðinn Arnar Mátjónsson.

Að sögn Þorsteins hafa allir sögu að segja. „Við gleymum því stundum að þetta er allt í kringum okkur.“

Aðspurður hvað bindi fjarkann saman svarar Þorsteinn að

Þorsteinn J. Vilhjálmsson, sjónvarpsmaður



þau eigi sameiginlegt að ein ákvörðun hafi breytt lífi þeirra. „Það er þessi innblástur sem maður sækir oft í sögur annarra. Það er eitthvað sem fólk gerir sem verður til þess að allt breytist. Þau eru að gera hluti sem næra líf þeirra og gera það stærra,“ segir hann og bætir við að fólk geti sótt innblástur í slíkar sögur. ■



Eucerin[®]

NÆSTA KYNSLÓÐ
**HYALURON-
FILLER**

3x EFFECT

1 FYLLIR 2 ÖRVAR 3 VER

NÝTT

99%* STAÐFESTA:
MINNI HRUKKUR



* Vörupróf með 120 konum í janúar 2021, niðurstöður eftir 4 vikna notkun.



Boðun til aðalfundar 2022 ORF Líftækni hf.

Stjórn ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar til aðalfundar í höfuðstöðvum félagsins að Víkurhvarfi 7, **föstudaginn 8. apríl 2022 kl. 11:00**. Rafræn þátttaka verður einnig aðgengileg hluthöfum.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning forstjóra og framkvæmdastjóra viðskiptarþóunar og vísinda á ORF Líftækni og Bioeffect
3. Stjórn leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins
4. Ákvörðun um meðferð rekstrarhagnaðar eða taps
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og endurskoðanda
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
9. Tillaga stjórnar um skiptingu félagsins
10. Tillaga stjórnar um gerð birgja- og þjónustusamnings milli ORF Líftækni og Bioeffect
11. Tillaga stjórnar um heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa allt að kr. 500.000.000
12. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
13. Önnur mál

Verði tillögur stjórnar um skiptingu félagsins og heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa samþykktar eru lagðar til nauðsynlegrar breytingar á 4. gr. samþykpta félagsins, ásamt öðrum minniháttar breytingum. Við skiptingu félagsins renna tiltekna eignir og skuldbindingar til nýstofnaðs félags, Bioeffect Holding ehf. Stofnfundur hins nýja félags verður haldinn í kjölfar aðalfundarinnar í þeim tilgangi að samþykka stofngögn og kjósa stjórn og endurskoðanda.

Nánari upplýsingar um hluthafafundinn og tillögur stjórnar má nálgast á heimasíðu félagsins orfgenetics.com.

Fyrirkomulag fundarinnar og réttindi hluthafa

Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Víkurhvarfi 7. Gefinn er kostur á þátttöku á fundinum með rafrænum hætti með veflausn Lumi AGM. Beint vefstreymi frá fundinum verður aðgengilegt auk þess sem að hluthafar geta borið upp skriflegar spurningar. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinum og veitir rétt til þátttöku á honum að öðru leyti.

Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum veflausn Lumi AGM án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Ekki verður gefinn kostur á rafrænni atkvæðagreiðslu fyrir auglýstan tíma aðalfundar.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða með mætingu, eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni www.lumiconnect.com/meeting/orfgenetics eigi síðar en kl. 11.00 þann 7. apríl 2022, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á aðalfundi ef hann gerir um það skriflega kröfu til stjórnar félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 11:00 föstudaginn 1. apríl 2022. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið ir@orf.is.

Hver hlutur er ein króna að nafnvirði og allir hlutir hafa jafnan rétt. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafafundur telst lögmaður ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti.

Endanleg dagskrá, tillögur stjórnar, ársreikningur félagsins fyrir 2021 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn eru hluthöfum tiltæk á skrifstofu félagsins. Skiptingarátætlun og önnur gögn vegna skiptingarinnar hafa verið aðgengileg hluthöfum síðan 7. mars 2022.

Kópavogi, 24. mars 2022,
Stjórn ORF Líftækni hf.



BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Beta, Elin og Sigga Eyþórsdætur keppa fyrir Íslands hönd í Eurovision á Ítalíu í maí, með kántrískotid popplag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kántrískotin poppsveifla í kjölfar kófsins

Framlag landsmanna til Eurovision er kántrískotid popplag. Kór á vegum Listaháskólans heldur kántrítónleika fyrir fullu húsi og Margrét Eir sendir frá sér kántriplötu á meðan Bríet biður kúrekann að halda sér rólegum. Fréttablaðið leitaði til Andreu Jónsdóttur, Eyþórs Inga Gunnlaugssonar, Krumma Björgvinssonar og Einars Bårdarsonar í leit að svörum við því hvort kántrið sé að ná festu í meginstraumi popptónlistar á Íslandi.

ninarichter@frettabladid.is

Sjarmi og töffaragangur ræður ríkjum



Andrea Jónsdóttir
plötusnúður og dagskrárgerðarmaður

„Kántri var miklu sérhæfðara hér áður fyrr. Nú er farið að kalla ýmislegt kántri, sem hefði ekki leyft í þeim ramma. Þeir voru svo strangtrúaðir í gamla daga að nú er alls konar kallað kántri,“ segir Andrea.

Aðspurð hvort hún sjái fyrir sér að kántrískotin tónlist komi til með að leysa af hólmi hiphoppið, sem mest seldi tónlistarstefna Íslands, svarar Andrea:

„Það er verið að setja hiphopp inn í kántrið. Hiphoppið og rappið er aðeins að hverfa. En einu sinni réði rokkið öllu og þar á undan Bitlatiminn. Þetta er alltaf allt til en fer í bakgrunninn. Oft eru þetta peningar og sölumennska en það sem ég held að ráði þessu líka er sjarminn og töffaragangurinn í flytjendunum,“ segir hún.

Kassagítarsáhrif úr kóvidinu



Eyþór Ingi Gunnlaugsson
tónlistarmaður og fyrrverandi Euorvision-fari

Eyþór Ingi segist ekki vera mikill kántrimaður. „Nú hefur verið mikil pródúsering í gangi, í svoltið langan tíma,“ segir hann. „Kannski kemur þannig löngun í að hlusta á akústísk hljóðfæri. Mógulega er það raunin.“ Eyþór Ingi nefnir að hugsanlega sé fólk að snúa sér aftur í grunninn. „Ef til vill gerðist þetta í kóvidinu. Þá sátu menn með kassagítarinn og hugsuðu: Vá, hvað það er gott að hlusta á kassagítar. Þetta gæti verið eitthvað svoleiðis.“

Hann segir að vissulega sé kántrisveifla í gangi í poppinu í dag. „En það fer eftir því hvar maður er staddur. Það er eins og það sé löngun í einhvern hljómsveitargír almennt. Eins og það sé rokk á leiðinni. Og svo er einhver næntis-nostalgía að fara af stað, þetta sé ég hjá unglingunum.“

Hjálpar fólki í gegnum daginn



Krummi Björgvinsson
tónlistarmaður

Krummi segir kántrið hafa tilheyrt meginstraumnum á Íslandi þegar Brimkló var og hét. „Fleiri hljómsveitir voru að spila minna á rafmögnum hljóðfæri og færa sig yfir í akústík. En þessi tónlist finnur sér alltaf áheyrendur. Þetta er einlæg músík sem að mínu mati fer aldrei úr tisku en fólk grefur hana upp og uppgötvar hana reglulega,“ segir Krummi. „Núna er hún mjög vinsæl á Íslandi, en ég myndi ekki segja að það sé mikið um hreina sveitatónlist. Þetta er svona söng- og lagahöfundamúsík í bland við þjóðlagatónlist og smá blús sem flækist þarna á milli.“

Hann segir að vinsældirnar megi ef til vill skýra út frá einlægri textasmíði. „Þetta hjálpar fólki kannski að komast í gegnum daginn. Gefur fólki vellíðunartilfinningu.“

Einum „slæðgítar“ frá kúrekanum



Einar Bårdarson
athafnamaður


Það lifnar yfir Einari Bårdarsyni þegar hann heyrir minnst

á kántrítónlist, enda að eigin sögn mikill kántrimaður. „Kántrítónlist eins og hefðin er, bæði í nútíð og fortíð í Bandaríkjunum, er ósköp einfaldlega það sama og við köllum íslenska dægurtónlist á Íslandi. Við erum einum „slæðgítar“ frá því að vera kúrekar í poppinu hérna heima,“ segir hann.

„Inni í kántriinu eru til 15-20 málsmetandi straumar. Krummi í Mínus er kántri, þabbi hans er kántri og Eyþórsdætur eru kántri. Helgi Björns er kántri. Kaleó er argandi kántri. Ef þú tekur saxófóninn úr Sálarlögunum ertu kominn með kántri,“ segir Einar.

Aðspurður um komandi strauma og stefnur í íslenskrí tónlist, svarar hann: „Ég held að það sé tvennt í þessu. Það verður svona meira urban-kántri, og meiri framlegð þar. Svo held ég að við séum að fara að horfa á svona, síð-90's snemm-aldamóta danshúkka-popp,“ segir Einar. „Ég fæ svona sans fyrir því í nýju sömplunum í erlendu músíkinni. Þar er verið að vísa í gamla sampla.“

Tónlistarlega og markaðsfræðilega og í öllu samhengi hefur forgangsröðun fólks aðeins breyst, eftir kóvid. Það er svona grunnstefsbreyting hjá mörgum en það þarf að átta sig á því núna hvort það sé varanlegt eða hvort það breytist aftur,“ segir Einar.



Lyfjaval Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára

Hafðu það bara **huggulegt**
Afgreiðsla beint í bílinn
Öruggt, fljótlegt og afar þægilegt
- sjö lúgur

Heimaprófin fyrir Covid-19 fást hjá okkur



Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

Þú finnur apótek Lyfjaval í Mjódd, bílaapótek Hæðasmára og í Apóteki Suðurnesja

Lyfjaval Mjódd

Opið virka daga 08.45 – 18.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

Lyfjaval Hæðasmára Bílaapótek

Opið alla daga 10.00 – 23.00

Apótek Suðurnesja

Opið virka daga 09.00 – 19.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

Bakþankar



Stefáns Ingvars
 Vigfússonar

Heppinn

Ég er mjög heppinn. Ég er heppinn að hafa aldrei verið handtekinn með fíkniefni, þegar ég neytti þeirra. Ég er heppinn að hafa haft löngun til þess að hætta neyslu þeirra. Ég er heppinn að hafa haft öruggt húsnæði á meðan ég beidi eftir því að komast inn á Vog og ég er heppinn hafa ekki þurft að bíða lengi. Ég er heppinn að hafa haft stuðning foreldra minna þegar ég útskrifaðist þaðan. Þessi heppni heitir öðru nafni forréttindi.

Ég þekki fólk sem er ekki eins heppið, fólk sem er í dagneyslu fíkniefna og hefur ekki allan þann stuðning sem ég hafði til þess að verða edrú. Fólk sem hefur mátt þola harðræði og orðið fyrir áföllum sem það deyfir með neyslu. Þetta fólk má ekki vera til á Íslandi, það er ólöglegt. Þegar þau óska eftir lækniástoð hjá neyðarlínunni er lögreglan gjarnan send á staðinn, lögreglan sem þau óttast. Lögreglan sem tekur af þeim efnin þeirra, lögreglan sem læsir þau inni. Þetta fólk má ekki vera til.

Afglæpavæðing hefur verið til umræðu. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að það er of flókið mál, með því meina þau auðvitað að þeim er sama. Þeim er sama um þetta fólk sem má ekki vera til. Og í vikunni frestaði heilbrigðisráðherra nýju frumvarpi um afglæpavæðingu neysluskammta fram á haust. Vorið er nýgengið í garð. Þetta fólk sem ekki má vera til má bíða þangað til. Kannski fá þau einn daginn fulltrúa í ríkisstjórn. Kannski. Núverandi heilbrigðisráðherra er í öllu falli skítsama um heilbrigði þeirra. ■

Skjáumst!

Hvort sem þig vantar pínulítinn skjá á únhliðinn, skjá í vasann eða rosalega stóran skjá á vegginn þá eigum við græjur í það! Mundu samt að líta stundum upp úr skjánum og slaka á. **Njóttu lífsins, fyrir þig!**

STÆRSTI
 SKEMMTI
 STAÐUR
 Í HEIM!

15.000 króna afsl.

Apple
iPhone 13
128GB
 184.990 kr.
~~199.990 kr.~~

15.000 króna afsl.

Apple
iPhone 13 Pro
Max 128GB
 204.990 kr.
~~219.990 kr.~~

Úrlausn fylgir!

10.000 króna afsl.

Apple
Watch Series
S7 LTE 41mm
 89.990 kr.
~~99.990 kr.~~

eSIM

Samsung
Galaxy A12
64GB
 29.990 kr.

Samsung
Galaxy S21
FE 5G 128GB
 129.990 kr.

Samsung
The Frame
QLED 50"
 189.990kr.

PARTYBÚÐIN

**Fermingar-
 skraut**

Faxafeni 11,
 108 Reykjavík
 www.partybudin.is

PARTYBÚÐIN

Sæktu
 Nova
 Appið!

FYRIR
 ÞIG

MatarKlipp

Þú færð fjórar máltíðir á 5.990 kr. og getur hamað í þig allskonar hamborgara, pizzur, pítur, bökur og vefjur af matseðli á ótal veitingastöðum hvencær sem er! **Skoraðu hungrið á hólmi!**

